

ÁRSSKÝRSLA  
FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS  
**2010**



**Ársskýrsla  
Fjármálaeftirlitsins  
2010**

**Útgefandi:**

Fjármálaeftirlitið  
Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík  
Sími: 520 3700 · Símbref: 520 3727  
Tölvupóstur: fme@fme · Veffang: www.fme.is

**Ritstjórn:**

Ragnar Hafliðason  
Sigurður G. Valgeirsson og  
Þorsteinn E. Marinósson

**Hönnun:**

Helga Gerður Magnúsdóttir · A3

**Ljósmyndir:**

Ragnar Th. · Arctic Images  
Mynd af stjórn: Bragi Jósefsson

**Umbrot og prentun:**

Stafræna prentsmiðjan ehf.

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Endurreisn fjármálakerfisins</b>	<b>7</b>
1.1	Inngangur forstjóra	7
1.2	Endurfjármögnun viðskiptabankanna	9
1.3	Rannsóknir Fjármálaeftirlitsins – stækkun og skipulag rannsóknarhóps	14
1.4	Viðbrögð Fjármálaeftirlitsins við Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis	15
1.5	Breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki	16
1.6	Ný lög um váttryggingastarfsemi	17
<b>2</b>	<b>Skipulag og rekstur Fjármálaeftirlitsins</b>	<b>19</b>
2.1	Skipulag Fjármálaeftirlitsins	19
2.2	Þróun starfsmannamála	20
2.3	Rekstur og fjármál	21
<b>3</b>	<b>Fjármálamarkaðir</b>	<b>25</b>
3.1	Lánamarkaður	25
3.2	Verðbréfamarkaður	33
3.3	Lífeyrismarkaður og verðbréfasjóðir	38
3.4	Váttryggingamarkaður	48
<b>4</b>	<b>Eftirlit / Horft til framtíðar</b>	<b>59</b>
4.1	Efning upplýsingatækni	59
4.2	Réttarreikningsskil	59
4.3	Breytt verklag við mat á hæfi stjórnarmanna	60
4.4	Áhersla á áhættugreiningu/áhættustýringu eftirlitsskyldra aðila	61
4.5	Skuldbindingaskrá	66
4.6	Nýjar áherslur á alþjóðavettvangi	66
4.7	Samskipti við erlenda eftirlitsaðila - alþjóðlegt samstarf	69
<b>5</b>	<b>Eftirlitsskyldir aðilar</b>	<b>73</b>
5.1	Fjöldi eftirlitsskyldra aðila 30.06.2010	73
5.2	Starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja á Íslandi	74
<b>6</b>	<b>Helstu upplýsingar úr ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009</b>	<b>77</b>



## Efni ársskýrslunnar

Efnisumfjöllun ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins (FME) 2010 tekur í meginatriðum til tímabilsins frá 1. júlí 2009 til 30. júní 2010. Í skýrslunni er fjallað um endurreisn bankanna. Ennfremur er fjallað um rannsóknir Fjármálaeftirlitsins á starfsemi lána- stofnana í aðdraganda bankahrunsins í október 2008 og aukinn mannafla sem settur hefur verið í þær. Þá eru einnig dregnar fram í skýrslunni niðurstöður úr Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um starfsemi Fjármálaeftirlitsins auk þess sem gerð er grein fyrir nýju skipulagi eftirlitsins og áherslum í starfseminni. Í skýrslunni er fjallað um stöðu og horfur á lánamarkaði, verðbréfamarkaði, lífeyris- og verðbréfasjóðamarkaði og váttryggingamarkaði. Einnig er í skýrslunni fjallað um aukna áherslu á nýtingu upplýsingatækni í eftirlitsstarfseminni, nýtt réttarreikningsskilasvið, sem stofnað hefur verið innan Fjármálaeftirlitsins, breytt verklag við mat á hæfi stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila, áherslur í áhættugreiningu og gerð og skipulag svokallaðrar skuldbindingaskráar. Þá er einnig fjallað um nýjar áherslur í eftirliti á fjármálamörkuðum á alþjóðavettvangi og fjölþjóðlega samvinnu og samstarf við erlenda eftirlitsaðila.

Í ársskýrslunni er að finna yfirlitstöflu yfir fjölda eftirlitsskyldra aðila á miðju árinu 2010 og helstu upplýsingar úr ársreikningi eftirlitsins fyrir árið 2009. Ársskýrslan er sem fyrr einnig birt á ensku í sérstöku hefti en báðar útgáfurnar eru aðgengilegar á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins: [www.fme.is](http://www.fme.is). Þar má einnig finna margvíslegar upplýsingar er varða fjármálamarkaðinn og fyrirkomulag opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi.

### Stjórn og stjórnendur Fjármálaeftirlitsins

Yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins er í höndum þriggja manna stjórnar sem skipuð er til fjögurra ára í senn. Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meiri háttar ákvarðanir skal bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar. Stjórnin ræður forstjóra sem fer með daglegan rekstur og stjórnun eftirlitsins. Í stjórn sitja eftirfarandi í nóvember 2010: Lilja Ólafsdóttir, hdl., formaður stjórnar (frá 26. febrúar 2010), Kristín Haraldsdóttir, lögfræðingur, LLM, varaformaður stjórnar og Jón Þ. Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Seðlabanka Íslands.

### Varamenn:

Kjartan Gunnarsson, skrifstofustjóri (frá 12. ágúst 2010), Sigurður Þórðarson, endurskoðandi, (frá 2. september 2010), Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Seðlabanka Íslands (frá 13. janúar til 1. júní 2010 og frá 12. október 2010.)

Á tímabilinu frá 1. júlí 2009 til október 2010 hafa auk framangreindra eftirtaldir setið í stjórn Fjármálaeftirlitsins: Gunnar Ó. Haraldsson, PhD, stjórnarformaður til 26. febrúar 2010, og varamennirnir Guðrún Ögmundsdóttir, hagfræðingur, til 13. janúar 2010 og frá 1. júní 2010 til 6. október 2010, Óskar Sigurðsson, hæstaréttarlögmaður, til 30. júní 2010, og Þóra M. Hjaltsted, skrifstofustjóri, til 2. september 2010.

### Forstjóri

**Fjármálaeftirlitsins:**  
**Gunnar Þ. Andersen**  
**Aðstoðarforstjóri:**  
**Ragnar Hafliðason**

### Sviðsstjórar:

Lánasvið  
Guðmundur Jónsson  
Lífeyris- og  
verðbréfasjóðasvið  
Halldóra E. Ólafsdóttir  
Réttarreikningsskilasvið  
María Rúriksdóttir  
Upplýsingatæknisvið  
Jón Andri Sigurðarson  
Váttryggingasvið  
Rúnar Guðmundsson  
Verðbréfasvið  
Guðrún Jónsdóttir  
Yfirlögfræðingur  
Unnur Gunnarsdóttir



# 1 Endurreisn fjármálakerfisins

## 1.1 Inngangur forstjóra

Fjármálaeftirlitið hefur stækkað mikið og eflst að undanfögnu. Hefur starfsmannafjöldi tvöfaldast frá ársbyrjun 2008 og eru starfsmenn orðnir hátt í hundruð talsins. Mikil fjölgun varð í hópi þeirra sem vinna að rannsóknum sem tengjast bankahrininu. Þá hefur upplýsingatækni verið stofnað auk þess sem réttar-reikningskilasvið og svið yfirlögfræðings hafa tekið til starfa.

Mikil innri stefnumótunarvinna hefur farið fram innan Fjármálaeftirlitsins í kjölfar falls íslensku bankanna og þar hefur meðal annars verið tekið mið af gagnrýni sem birtist í Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Nýtt skipurit Fjármálaeftirlitsins hefur verið fest í sessi samhliða endurskoðun einstakra sviða. Þannig hefur starfsemi lánasviðs Fjármálaeftirlitsins verið endurskipulögð og sviðið eflt verulega en eitt meginverkefni þess er að sinna eftirliti með viðskiptabönkunum.

Ráðist var í mikla greiningarvinnu innan Fjármálaeftirlitsins sem lögð var til grundvallar við mótun innri áherslna og verklags. Stjórn Fjármálaeftirlitsins hefur einnig unnið að ítarlegri stefnumótun sem gefin hefur verið út. Þar er fjallað um stöðu íslensks fjármálamarkaðar og eftirlits- og áhersluþætti í starfsemi Fjármálaeftirlitsins á næstu misserum.

Rúmlega tvö ár eru nú frá falli hinna þriggja stóru íslensku banka. Óróa gætti áfram næstu misseri og fleiri fjármálafyrirtæki féllu. Fjármálaeftirlitið skipaði VBS fjárfestingarbanka bráðbirgðastjórn í mars 2010 og Sparisjóðnum í Keflavík og Byr sparisjóði bráðbirgðastjórn í apríl og ný fjármálafyrirtæki tóku við rekstri þeirra. Þá varð Fjármálaeftirlitið við beiðni Avant hf. um að skipa félaginu bráðabirgðastjórn í júlí þetta ár. Stjórn Askar fór fram á það í kjölfarið að héraðsdómur skipaði slita-stjórn yfir fyrirtækið. Vinnan innan Fjármálaeftirlitsins tengd þessum verkefnum var umfangsmikil og vandasöm.

Tveir af viðskiptabönkunum þremur, Arion banki hf. og Íslandsbanki hf. voru teknir yfir af kröfuhöfum á síðari hluta árs 2009. Vonir eru bundnar við að tekist hafi að koma böndum á íslenskt fjármálakerfi en enn gætir samt óróa eftir hið mikla áfall sem það varð fyrir og í kerfinu eru veikleikar sem verður að vinna á. Viðskiptabankarnir þrír eru til dæmis allir að glíma við að endurskipuleggja útlánasöfn sín. Þetta er stærsti áhættuþátturinn í rekstri þeirra og er mikilvægt að endurskipulagningin heppnist vel.

Lögum um fjármálafyrirtæki var breytt á árinu en með breytingunum öðlast Fjármálaeftirlitið frekari valdheimildir. Í lögnum eru ný ákvæði sem færa Fjármálaeftirlitinu heimildir til að leggja mat á rekstur eða hegðun eftirlitsskylds aðila og takmarka starfsemi fjármálafyrirtækja. Þá skal nefnt að erlend yfirvöld og eftirlitsstofnanir hafa unnið að endurskoðun á lögum og reglum um eftirlit með fjármálafyrirtækjum ásamt kröfum til fjármálafyrirtækja um eigin- og lausafé. Gera má ráð fyrir að þessar kröfur verði hertar enn frekar.

**Starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins hefur fjölgað mikið, starfsemin hefur verið endurskipulögð og upplýsingatækni-svið stofnað.**



Fjármálaeftirlitið setti í ársbyrjun 2010 á stofn þriggja manna ráðgjafarnefnd um mat á hæfi og hæfni stjórnarmanna fjármálafyrirtækja. Áformað er að lagt verði mat á hæfi og hæfni stjórnarmanna fleiri eftirlitsskyldra aðila í framtíðinni. Tilgangurinn með ráðgjafarnefndinni er að tryggja að stjórnarmenn búi yfir nauðsynlegri þekkingu og reynslu og séu óháðir.

Fjármálaeftirlitið gerði viðamikla athugun í lok júní á lánnum tengdum erlendum myntum og mögulegum áhrifum mismunandi vaxtaviðmiða á fjárhagsstöðu fjármálafyrirtækja eftir að Hæstiréttur hafði úrskurðað um ólögmæti slíkra lána. Fjármálaeftirlitið átti gott samstarf við bankana við þessa vinnu en innan þeirra fór fram mikið starf við að safna saman og meta upplýsingar og reyndi þetta talsvert á upplýsingakerfi þeirra.

Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands sendu fjármálafyrirtækjum tilmæli í lok júní á þessu ári vegna óskuldbindandi gengistryggingarákvæða. Í stað gengistryggingar og erlends vaxtaviðmiðs skyldi miða við vexti Seðlabanka Íslands. Hæstiréttur felldi síðan dóm varðandi vaxtakjör þessara lána sem leiddi til hliðstæðrar niðurstöðu og framangreind tilmæli kváðu á um. Fjármálaeftirlitið hafði fyrirfram dregið upp mismunandi sviðsmyndir miðað við hugsanlegar niðurstöður Hæstaréttar og er ljóst að miðað við dekkstu sviðsmyndir hefði höggið orðið alvarlegt fyrir íslensk fjármálafyrirtæki.

Áhrif hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu sem skall á fyrir rúmum tveimur árum hafa verið viðtæk. Þau hafa meðal annars haft mótandi áhrif á eftirlitsstofnanir allra landa í hinum vestræna heimi og víðar. Fjármálaeftirlitið er aðili að evrópsku nefndunum CEBS, sem er samstarfsnefnd evrópskra bankaeftirlita, CEIOPS, sem er samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á váttrygginga- og lífeyrissjóðamarkaði og CESR sem er samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði. Ákveðið hefur verið að breyta þessum nefndum í eftirlitsstofnanir og munu þær eflast í samræmi við það. Ein mikilvægasta breytingin sem verður við

þessa nýju skipan mála er að þessar eftirlitsstofnanir munu hafa vald til að gefa út, að undangengnu samþykki framkvæmdastjórnar ESB, bindandi reglur í stað leiðbeinandi tilmæla samkvæmt fyrri skipan mála. Tilgangurinn er að stuðla að auknu samræmi í framkvæmd laga og reglna um fjármálaþjónustu innan Evrópu.

Í þessari skýrslu er meðal annars að finna umfjöllun um fjármálamarkaðinn og starfsemi einstakra sviða Fjármálaeftirlitsins. Eins og fram kemur hafa viðskipti með hlutabréf á verðbréfamarkaði verið dræm eftir hrúnið haustið 2008. Mikil velta hefur á hinn bóginn verið á skuldabréfamarkaði þó svo að skuldabréfaútgáfa hafi verið takmörkuð. Skráð skuldabréf og víxlar eru 87% af markaðsvirði skráðra fjármálagerninga í kauphöll. Sama hlutfall var hins vegar innan við 37% í lok árs 2007. Afkoma stóru viðskiptabankanna þriggja var jákvæð árið 2009, svo og á fyrri hluta ársins 2010 en hafa ber í huga að enn ríkir umtalsverð óvissa um gæði lánasafna þeirra eins og getið er hér að framan. Fram kemur í skýrslunni að aukning hreinnar eignar lífeyrissjóðanna frá árslokum 2008 til ársloka 2009 var 11,1% en það samsvarar um 2,2% raunaukningu miðað við vísitölu neysluverðs. Hrein raunávöxtun lífeyrissjóðanna hækkaði á milli áranna og var 0,34% á árinu 2009 samanborið við neikvæða raunávöxtun um 22% árið 2008. Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða



**Hin alþjóðlega fjármálakreppa hefur haft mótandi áhrif á eftirlitsstofnanir allra landa í hinum vestræna heimi og víðar.**

án ábyrgðar versnaði á árinu 2009 þriðja árið í röð. Eignir verðbréfa og fjárfestingarsjóða jukust um 32% á milli árunna 2009 og 2010. Svo virðist sem að hinn mikli samdráttur sem varð árið áður, en hann nam 72% milli árunna 2008 og 2009, sé að ganga til baka að einhverju leyti. Á váttryggingasviði varð viðsnúningur í skaðatryggingastarfsemi og voru flest félög rekin með hagnaði á árinu 2009.

Eins og fram kemur í þessari skýrslu og nefnt er hér að framan hefur Fjármálaeftirlitið leitast við að taka mið af gagnrýni sem fram hefur komið á stofnunina, meðal annars í Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Fjármálaeftirlitið hefur brugðist við þessari gagnrýni á margvíslegan hátt og er þess vænst að það eigi eftir að koma fram í starfi stofnunarinnar á komandi mánuðum og árum. Mikill hugur er í starfsfólki Fjármálaeftirlitsins að hefja stofnunina til vegs sem öflugan eftirlitsaðila sem leggur áherslu á fyrirbyggjandi og upp götvandi eftirlit.

## 1.2 Endurfjármögnun viðskiptabankanna

Við fall gömlu bankanna þriggja, Kaupþings, Glitnis og Landsbanka í október 2008, voru sem kunnugt er stofnaðir nýir bankar á grunni þeirra gömlu. Eftir að hafa farið í gegnum viðskiptaáætlanagerð þeirra, fjármögnun og eiginfjárstöðu og framkvæmt á þeim álagspróf, veitti Fjármálaeftirlitið þeim öllum starfsleyfi sem háð var ýmsum skilyrðum (e. sign-off conditions). Skilyrði þessi, sem gefin voru út í ágúst 2009, voru bæði fjárhagslegs eðlis, einkum hvað varðaði eiginfjár- og lausafjárstöðu þeirra, en einnig voru þeim sett skilyrði um ýmsar úrbætur í áhættustýringu og stjórnarháttum sem komið hafði í ljós að var mjög ábótavant í gömlu bönkunum. Naut Fjármálaeftirlitið aðstoðar virtra erlendra sérfræðinga við að skilgreina og hrinda í framkvæmd þessum verkefnum. Þess má geta að mörg þessarra úrlausnarefna voru ekki séríslensk heldur alþjóðleg vandamál, sem áttu stóran þátt í því hruni sem varð á alþjóðlegum fjármála-markaði. Fjárhagsleg skilyrði af hálfu Fjármálaeftirlitsins voru:

### *Eiginfjárkröfur:*

1. Eiginfjárþáttur A (e. Tier 1) verði a.m.k. 12%. Hlutfall þetta gildi í amk. 3 ár nema Fjármálaeftirlitið ákveði annað.
2. CAD hlutfall verði 16% að lágmarki. Hlutfall þetta gildi sömuleiðis í 3 ár nema Fjármálaeftirlitið ákveði annað.

### *Lausafjárkröfur:*

1. Lausafjáreignir sem hlutfall af HI (heildarinnlánnum) séu yfir 20%.
2. Reiðufé og ígildi þess sem hlutfall af óbundnum innlánnum sé yfir 5%.

Aðgerðir stjórnvalda á grundvelli laga nr. 125/2008 (neyðarlaganna) miðuðu að því að afstýra glundroða í efnahagslífi Íslands sem hlotist gat af hruni fjármálakerfisins. Lögin gerðu ráð fyrir að veitt yrði fé úr ríkissjóði til þess að fjármagna stofnun nýrra banka utan um innlenda starfsemi þriggja stærstu banka landsins. Í lögunum og ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins í framhaldi af setningu þeirra var kveðið á um það að þrotabúum gömlu bankanna skyldi endurgoldinn mismunur á verðmæti eigna og skuldbindinga sem fluttar voru til nýju bankanna við stofnun þeirra. Laust eftir áramót 2008/2009 hófst alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækið Deloitte LLP handa um gerð

óháðs mats í þessu skyni undir eftirliti annars alþjóðlegs sérfræðifyrirtækis, Oliver Wyman. Lauk matinu 22. apríl 2009. Á grundvelli þess reyndist þó ekki mögulegt að skera úr um það með óyggjandi hætti hvert væri sanngjarnt endurgjald fyrir mismun eigna og skulda hvers banka. Niðurstaða matsins staðfesti að mikil óvissa væri um verðmæti eignanna og mikið bar á milli sjónarmiða hagsmunaaðilanna. Stjórnvöld höfðu gert sér grein fyrir því nokkru áður en matinu lauk að ólíklegt væri að sátt næðist um framtíðarstarfsemi nýju bankanna á grundvelli einhliða ráðstafana ríkisvaldsins og lagt drög að því að kanna möguleika á tvíhliða viðræðum milli hagsmunaaðila um sanngjarnt endurgjald fyrir eignirnar í stað þess að halda fast við ákvörðun endurgjaldsins á grundvelli óháðs mats.

Höfuðmarkmið aðgerða ríkisins var sú að nýju bankarnir yrðu starfhæfar einingar til framtíðar og því þurfti að leysa ýmis vandamál sem tengdust áhættu þeirra og rekstri áður en hægt var að ganga til samninga um endurgjaldið. Þannig var nauðsynlegt að ráða fram úr þeim mikla gjaldeyrisjöfnuði sem skapaðist við stofnun þeirra milli innlána í íslenskum krónum og hins veigamikla hluta útlána sem var í erlendri mynt. Einnig þurfti að greina áhættu bankanna í því skyni að ljóst yrði hversu hátt eiginfjárhlutfall yrði nauðsynlegt til að tryggja starfsemi þeirra til skamms og meðallangs tíma meðan íslenskt efnahagslíf sigldi gegnum brimskafli kreppunnar. Viðræður milli ríkisins og nýju bankanna annars vegar og skilaneftnda gömlu bankanna hins vegar hófust í lok apríl 2009 í framhaldi af því að verðmat Deloitte lá fyrir, enda var ljóst að það yrði nauðsynlegur grundvöllur slíkra viðræðna. Í maímánuði 2009 hófst úttektarverkefni (e. sign-off) Fjármálaeftirlitsins sem reifað er hér að framan, og miðaði að því að ákvarða nauðsynlegt eiginfjárlágmark hinna nýju banka. Úttektarskilyrði Fjármálaeftirlitsins lágu fyrir í grófum dráttum snemma í júlí og var upplýsingum um þau miðlað til samningsaðila og skilyrðin síðan gefin út í endanlegri mynd í ágúst. Í rammagrein er nánar lýst hvað fólst í úttektarskilyrðunum og samningum við gömlu bankana.

Þegar ákvörðun gömlu bankanna á grundvelli samnings þeirra við fjármálaráðuneytið lá fyrir óskuðu þeir heimildar Fjármálaeftirlitsins til að fara með virkan eignarhlut í nýju bönkunum eins og lög gera ráð fyrir. Greining Fjármálaeftirlitsins leiddi í ljós að gömlu bankarnir uppfylltu af nokkrum ástæðum ekki lagaskilyrði þess að fara með virkan eignarhlut. Undir slíkum kringumstæðum lá þó fyrir að Fjármálaeftirlitið hefði vald til að veita slíka heimild að því tilskildu að hinn óhæfi eigandi gerði ráðstafanir sem eftirlitið teldi fullnægjandi til að takmarka hættu á óæskilegum áhrifum eignarhaldsins.

Íslensk stjórnvöld töldu óbeint eignarhald gömlu bankanna á tveimur hinna nýju banka áhugaverðan kost af nokkrum ástæðum. Í fyrsta lagi yrði beinn kostnaður íslenska ríkisins af endurfjármögnun bankakerfisins mun lægri en ella. Í öðru lagi fengist með þessu erlent áhættufé inn í íslenskt efnahagslíf og fjármáakerfi sem annars væru litlar líkur á að fest yrði hérlendis í bráð. Eins og greining Fjármálaeftirlitsins hafði leitt í ljós voru umtalsverðar líkur á því að nýju bankarnir yrðu fyrir frekara tapi af völdum ótryggra útlána sem flutt voru úr gömlu bönkunum. Með umtalsverðri eignaraðild myndu eigendur þeirra bera hallann af fyrsta tapi ef svo færi, en ríkið varðveitti getu sína til að bregðast við frekari áföllum betur en ella. Í þriðja lagi voru eignirnar fluttar úr gömlu bönkunum að kröfuhöfum þeirra forspurðum og því lágu til þess sanngirnirök að þeir ættu tilkall til þess ávinnings sem af þeim flutningi kynni að leiða fyrir ný fjármála fyrirtæki. Þessi rök vógu þungt í ljósi þess að mikill ágreiningur ríkti um verðmæti eignanna, en sérfræðingar gömlu bankanna mátu þær almennt mun hærra en stjórnendur nýju

bankanna töldu óhætt. Í fjórða lagi töldu margir að með tvíhliða samkomulagi þar sem hagar kröfuhafa gömlu bankanna tengdist beinlínis velgengni nýju bankanna væri stuðlað að sátt um rekstur þeirra. Bryn þörf var á erlendri fjármögnun til að vega á móti gjaldeyrisójöfnuði í efnahag þeirra og var talið að erlent eignarhald gæti flýtt fyrir henni. Að lokum komu fram þau sjónarmið að hagsmunatengsl kröfuhafa við nýju banka gætu stuðlað að faglegum rekstri og stjórnun bankanna með því að nýta þekkingu og reynslu á sviði alþjóðlegrar bankastarfsemi sem finna mátti í þeirra hópi.

Í ljósi þessara raka taldi Fjármálaeftirlitið tilefni til að kanna hvort gömlu bankarnir gætu gert nægilegar ráðstafanir til þess að takmarka áhættuna sem það taldi fylgja virku eignarhaldi þeirra. Þau atriði sem Fjármálaeftirlitið horfði til þegar það mat aðilana óhæfa lutu annars vegar að hagsmunaárekstrum sem það taldi ekki samrýmast heilbrigðum rekstri, þ.m.t. þeirri áhættu að háþörkun arðs til skamms tíma réði ferðinni í stefnumótun, og hins vegar að fjárhagslegum styrk hins virka eiganda sem ástæða þótti til að draga í efa. Á móti þessum áhættuþáttum vógu sjónarmið sem Fjármálaeftirlitinu ber að hafa í fyrirrúmi og lúta að heildaráhættu fjármálakerfisins. Ljóst er að aukið áhættufjármagn í kerfinu og sterkari staða ríkisins til frekari inngrípa ef nauðsyn krefur skipta máli í því samhengi og sama á við um það ef erlent eignarhald stuðlar að sátt við kröfuhafa, greiðir fyrir fjármögnun erlendis, styrkir faglegan rekstur og deilir áhættu kerfisins á fleiri hendur.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins var sú að kostirnir vægu þyngra en áhættan sem fylgdi því að heimila aðilunum að fara með virkan eignarhlut. Það sem mestu máli skipti í því efni var það að Fjármálaeftirlitið taldi mögulegt að setja haldbær skilyrði um stjórnun hinna nýju banka sem takmörkuðu að verulegu leyti áhættuna sem þessu fylgdi. Á meðal skilyrða sem ætlað er að takmarka hættu á hagsmunaárekstrum er að vald hluthafafundar nýju bankanna tveggja er í höndum sérstakra dótturfélaga gömlu bankanna þar sem meirihluti stjórnarmanna er óháður og tekur stjórn dótturfélaganna á sig sérstakt eftirlitshlutverk með framkvæmd eignarhaldsins. Viðkomandi eignarhaldsfélög tilnefna meirihluta stjórnar bankanna, og skulu þar allir stjórnarmenn vera óháðir nema einn sem getur verið fulltrúi gamla bankans og einn sem er fulltrúi Bankasýslu ríkisins. Margvísleg önnur skilyrði sem draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og stuðla að heilbrigðum rekstri eru sett í skilyrðum Fjármálaeftirlitsins og í hluthafasamkomulagi milli eignarhaldsfélags gamla bankans og skilaneftndar hans. Fjárhagslegur styrkur er tryggður að því marki sem lög mæla fyrir um með kvöð um sérstakan viðbragðssjóð sem skal vera tiltækur ef þörf er á endurfjármögnun nýja bankans. Veitti Fjármálaeftirlitið eignarhaldsfélögum leyfi til að fara með virkan eignarhlut eftir að aðilarnir undirgengust skilyrðin.

Aðstæður þær er sköpuðust á fjármálamarkaði haustið 2008 vöktu upp margar spurningar um hæfi stjórnenda í fjármálafyrirtækjum, hlutverk þeirra, ábyrgð og frammistöðu og enn fremur þátt Fjármálaeftirlitsins við lögbundið mat á hæfi þeirra. Í upphafi árs 2010 endurskoðaði Fjármálaeftirlitið verlag vegna mats á hæfi



**Fjármálaeftirlitið endurskoðaði í upphafi árs 2010 verlag vegna mats á hæfi stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila.**

stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila með það fyrir augum að styrkja ferlið og tryggja að lögbundnum kröfum til hæfis framangreindra aðila yrði fullnægt. Í kafla 4.3 er nánar fjallað um breytt verklag í þessu sambandi.

## Úttektarskilyrði og samningar við gömlu bankana

Úttektarskilyrðin fólu í sér að lágmark kjarnaefinfjárþáttar A miðað við október 2008 var um 65 ma.kr. í Íslandsbanka, 72 ma.kr. í Arion banka og um 150 ma.kr. í NBI hf. Auk þess var gerð krafa um eiginfjárþátt B sem samtals nam nær 100 ma.kr. til viðbótar. Með þessu lágu loks fyrir mikilvægar forsendur til þess að hægt væri að leggja mat á þann kostnað við að endurfjármagna bankana sem framtíðararðsemi þeirra þyrfti að réttlæta. Með úttektarskilyrðum Fjármálaeftirlitsins sköpuðust forsendur til þess að samningsaðilar gætu magnsett og metið ólíka möguleika í tengslum við endanlega endurfjármögnun þeirra. Íslenska ríkið hafði á grundvelli neyðarlaganna lagt þeim til hlutafjárloforð samtals að fjárhæð allt að 385 ma.kr. þann 6. október 2008, en óvissa um upphæð endurgjalds til gömlu bankanna hafði gert ókleift að ganga formlega frá fjármögnun þeirra. Þann 14. ágúst 2009 náðist loks samkomulag milli aðilanna um fyrirkomulag uppgjörs Íslandsbanka við þrotabú Glitnis banka hf. og Arion banka (þá Nýja Kaupþings) við þrotabú Kaupþings banka sem fól í sér að bankarnir yrðu báðir í ríkiseigu, en endurgjaldið réðist að nokkru leyti af afkomu bankanna á næstu árum. Samningar við þrotabú Landsbanka Íslands drógust á langinn og náðist samkomulag þar loks í desember 2009, en þá á svipuðum nótum og ríkisfjármögnun hinna tveggja.

Samningarnir um Íslandsbanka og Arion banka fólu í sér að gömlu bankarnir höfðu rétt til að kaupa þá á ákveðnu verði í takmarkaðan tíma, fengist til þess samþykki Fjármálaeftirlitsins að þeir gætu verið virkir eigendur viðskiptabanka. Ákváðu báðir að lokum að nýta sér þann rétt. Glitnir eignaðist 95% af Íslandsbanka með eftirgjöf skuldabréfs sem Íslandsbanki hefði að öðrum kosti gefið út vegna endurgjaldsins. Kaupþing eignaðist 87% af Arion banka og greiddi fyrir með innlendum eignum sem hafnað höfðu í gamla bankanum við skiptinguna. Bankasýsla ríkisins tók yfir þann 5% og 13% hlut sem eftir stóð fyrir hönd fjármálaráðuneytisins og lagði ríkið bönkunum tveimur jafnframt til eiginfjárþátt B sem víkjandi lán að ígildi um 25 ma.kr. í hvorum.

Samningaviðræður við Landsbanka Íslands lutu að mörgu leyti öðrum lög-málum en við átti um hina bankana tvo vegna samsetningar kröfuhafahópsins og vandamála sem tengdust úrlausn Icesave málsins. Þar náðist þó að endingu samkomulag sem felur í sér áhættuþáttöku kröfuhafa gamla bankans, þó í minna mæli sé og með öðrum hætti. Skrifað var undir samning í desember 2009 sem felur í sér að Landsbanki Íslands hf. fær fast lágmarksendurgjald fyrir mismun á eignum og skuldum sem fluttar voru til NBI hf. en fari svo að eignasafnið gefi af sér meiri arð en þar er gert ráð fyrir falla frekari greiðslur í hlut gamla bankans upp að ákveðnu hámarki. Þar til endurmat eignanna hefur farið fram heldur gamli bankinn 18,87% eignaraðild að nýja bankanum á móti Bankasýslu ríkisins sem hann lætur af hendi í hlutfalli við þann ávinning sem honum fellur í skaut af



frekari ávöxtun eignasafnsins en lágmarkið gerir ráð fyrir. Er þetta fyrirkomulag svipað því sem orðið hefði raunin í hinum bönkunum hefðu skilaneindir þeirra annað hvort ekki nýtt sér hinn umsamda kauprétt, eða Fjármálaeftirlitið synjað þeim um heimild til að fara með virkan eignarhlut.

### **Bráðabirgðastjórnir og ný fjármálafyrirtæki**

Á grundvelli hinna svokölluðu neyðarlaga (sbr. nú VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002) voru Fjármálaeftirlitinu meðal annars fengnar heimildir til að grípa til sérstakra ráðstafana, vegna sérstakra aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Meti Fjármálaeftirlitið það svo að aðstæður séu mjög knýjandi getur það tekið yfir vald hluthafafundar eða fundar stofnfjäreigenda í því skyni að taka ákvarðanir um nauðsynlegar aðgerðir, þar á meðal að takmarka ákvörðunarvald stjórnar, víkja stjórn frá að hluta til eða í heild sinni og skipa bráðabirgðastjórn, taka yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafa slíku fyrirtæki í heild eða að hluta, meðal annars með samruna þess við annað fjármálafyrirtæki.

Á fyrri hluta ársins 2010 þurfti Fjármálaeftirlitið í tvígang að beita heimildum neyðarlaganna gagnvart starfandi fjármálafyrirtækjum en það var gert vegna Sparisjóðsins í Keflavík annars vegar og Byrs sparisjóðs hins vegar. Frá því á árinu 2009 hafði eiginfjárstaða fyrrgreindra sparisjóða verið undir lögbundnum mörkum, en Fjármálaeftirlitið hafði veitt ítrekaða fresti í því skyni að gefa þeim, í samvinnu við kröfuhafa sína, kost á að koma við raunhæfri endurskipulagningu á fjárhag sparisjóðanna. Í kjölfar þess að samningaviðræður sparisjóðanna við kröfuhafana runnu út í sandinn óskuðu stjórnir sparisjóðanna eftir því við Fjármálaeftirlitið að tekið yrði við ráðum yfir þeim. Í ljósi þeirra knýjandi aðstæðna sem blöstu við sparisjóðunum tók Fjármálaeftirlitið ákvarðanir þann 22. apríl 2010 um að skipa bráðabirgðastjórnir yfir þeim, ásamt því að ráðstafa tilteknum eignum og skuldbindingum til nýrra félaga. Markmið aðgerða Fjármálaeftirlitsins var eftir sem áður að viðhalda lágmarks bankastarfsemi í landinu og að tryggja aðgang að innstæðum svo frekara tjón hlytist ekki af á fjármálamarkaði.

Stofnuð voru ný félög, annars vegar Spkef sparisjóður og hins vegar Byr hf. til að taka við þeim eignum og skuldbindingum sem ráðstafað var úr gömlu sparisjóðunum. Í meginatriðum fólst í uppskiptingunni samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins að nýju félögin tóku við eignum gömlu sparisjóðanna og skuldbindingum vegna innstæðna, tiltekinna ábyrgða og veðskulda. Þá var ennfremur áskilið að nýju félögin þyrftu að standa skil á mismun á virði eigna og skulda gagnvart gömlu sparisjóðunum ef einhver yrði. Þess skal getið að gömlu sparisjóðunum hafa verið skipaðar slitastjórnir, nánar tiltekið þann 2. júlí 2010 í tilviki Byrs sparisjóðs og þann 23. júlí 2010 í tilviki Sparisjóðsins í Keflavík.

Á grundvelli 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 getur stjórn fjármálafyrirtækis, sem á í þeim fjárhags- og rekstrarerfiðleikum að líkur séu til að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar eða uppfyllt kröfur um lágmark eigin fjár, leitað eftir því við Fjármálaeftirlitið að það taki við ráðum yfir fyrirtækinu. Fjármálaeftirlitið getur þá skipað félaginu bráðabirgðastjórn sé beiðnin tekin til greina. Á árinu 2010 hefur Fjármálaeftirlitið tvívegis tekið slíka beiðni til greina, en það var þann 3. mars 2010 í tilviki VBS fjárfestingarbanka hf. og þann 13. júlí 2010 í tilviki Avant hf. Við þetta

er að bæta að þann 9. apríl 2010 var VBS fjárfestingarbanka hf. skipuð slitastjórn. Þá ber að nefna að Askar Capital hf., móðurfélag Avant hf., óskaði eftir því við Héraðsdóm Reykjavíkur að félagið yrði tekið til slita þann 13. júlí 2010. Var félaginu í framhaldinu skipuð slitastjórn þann 14. júlí 2010.

### 1.3 Rannsóknir Fjármálaeftirlitsins – stækkun og skipulag rannsóknarhóps

Fjármálaeftirlitið stórefldi á árinu 2010 rannsóknarhóp sinn sem sinnir athugunum á mögulegum brotum í tengslum við bankahrunið. Vinna hópsins er þannig skipulögð að tvö teymi starfa samhliða. Hvort teymi er með sinn hópstjóra sem í báðum tilvikum eru með mikla reynslu af fjármálamörkuðum og komu til starfa hjá stofnuninni vorið 2009.

Árið 2010 bætast samtals níu starfsmenn við rannsóknarhópinn, flestir síðari hluta ársins. Fyrir voru fjórir öflugir einstaklingar þannig að með þessari viðbót mun hann meira en þrefaldast að stærð. Áætlun Fjármálaeftirlitsins gerir ráð fyrir frekari fjölgun í rannsóknarhópnum á næsta ári ef þörf verður á. Hópurinn vinnur í nánu samstarfi við embætti sérstaks saksóknara.

Ein ástæða þess að ráðist var í að stækka rannsóknarhóp Fjármálaeftirlitsins var sú að ákveðið var á árinu að fjölga starfsmönnum embættis sérstaks saksóknara í um 80. Mikilvægt var að stækka rannsóknarhóp Fjármálaeftirlitsins samhliða svo stofnunin gæti annað því hlutverki að ljúka tímanlega rannsókn mála og eftir atvikum kæra eða vísa málum til sérstaks saksóknara.

Fjármálaeftirlitið hefur nú þegar beint um 40 málum til sérstaks saksóknara sem er stór hluti þeirra mála sem þegar er í vinnslu þar. Auk samvinnu við embætti sérstaks saksóknara vinnur rannsóknarhópur Fjármálaeftirlitsins með slitastjórnnum, fjármálafyrirtækjum, erlendum eftirlitum og lögregluyfirvöldum.

Skýrt hefur verið frá því að stefnt sé að því að öllum málum verði lokið hjá embætti sérstaks saksóknara fyrir árslok 2014. Það er því mikilvægt að Fjármálaeftirlitið hafi afl til að ljúka sínum þætti rannsókna nokkuð hratt. Jafnframt leggur Fjármálaeftirlitið áherslu á að ekki myndist flöskuháls sem kemur í veg fyrir að embætti sérstaks saksóknara hafi nægan fjölda mála til rannsókna.

Nýir starfsmenn rannsóknarhóps Fjármálaeftirlitsins koma úr röðum viðskiptafræðinga, hagfræðinga og verkfræðinga. Gerð var krafa um að þeir gætu rýnt í, skilið og greint flókin viðskipti, séð hvort um möguleg brot væri að ræða, sýnt frumkvæði og unnið sjálfstætt auk þess að geta komið frá sér efni í ræðu og riti. Flestir eru þeir með sérhæfða starfsreynslu af fjármálamörkuðum.



**Fjármálaeftirlitið hefur sent 40 mál til sérstaks saksóknara sem er stór hluti þeirra mála sem eru í vinnslu þar.**

## 1.4 Viðbrögð Fjármálaeftirlitsins við Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis

Eftir útkomu Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 hefur Fjármálaeftirlitið meðal annars staðið fyrir rýni innanhúss á efni hennar. Leitast hefur verið við að draga lærdóm af þeim athugasemdum sem þar hafa komið fram. Fjármálaeftirlitið átti gott samstarf við starfsfólk rannsóknarnefndarinnar á meðan á gerð skýrslunar stóð. Fjármálaeftirlitið sendi einnig rannsóknarnefnd Alþingis bréf í ársbyrjun 2010 þar sem getið var tiltekinn ábendinga um það sem eftirlitið teldi að betur mætti fara í laga- og rekstrarumhverfi stofnunarinnar. Bréfið var sent að beiðni rannsóknarnefndar þegar unnið var við frekari frágang skýrslu nefndarinnar.

Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis um störf Fjármálaeftirlitsins eru dregnar saman í kafla 16.13 í fimmta bindi skýrslu nefndarinnar. Helstu niðurstöður sem þar birtast eru að mikið skorti á að Fjármálaeftirlitið væri í stakk búíð til að sinna eftirliti með fjármálafyrirtækjum á viðhlítandi hátt síðustu árin fyrir fall bankanna, fyrst og fremst vegna þess að ráðstöfunarfé var ónógt. Ábyrgð á því er fyrst og fremst talin liggja hjá stjórnendum Fjármálaeftirlitsins. Þá hélt fjölgun starfsmanna ekki í við mikinn vöxt fjármálakerfisins og aukin verkefni því samfara. Starfsmannavelta var mikil og meðalstarfsaldur fór lækkanði. Í skýrslunni var enn fremur bent á að Fjármálaeftirlitið gerði tiltölulega fáar vettvangskannanir. Enn fremur er það mat nefndarinnar að á hafi skort að starfsmenn Fjármálaeftirlitsins sýndu næga festu og ákveðni við úrlausn og eftirfylgni mála og að Fjármálaeftirlitið tæki á rökstuddan hátt af skarið í niðurstöðum sínum. Þegar það var gert voru dæmi um að gerðar voru skriflegar athugasemdir án þess að málinu væri jafnframt komið í lögformlegan farveg. Með því var ekki lagður grundvöllur að því að hægt væri að beita þvingunarúrræðum eða viðurlögum. Slagkraft skorti því í störf eftirlitsins.

Samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar var forgangsröðun röng innan Fjármálaeftirlitsins. Leggja hefði átt miklu meiri áherslu á að koma upp þróuðum upplýsingakerfum innan stofnunarinnar. Í skýrslunni segir enn fremur að viðbúnaðarhópur innan Fjármálaeftirlitsins, sem settur var á fót 2007, hafi ekki dregið nægilega gagnrýnar ályktanir af upplýsingasöfnun sinni. Viðbúnaðarhópurinn hafi verið mun bjartsýnni en tilefni var til og ekki metið ástandið rétt. Þá er niðurstaða skýrslunnar að álagspróf hafi verið gölluð og veitt markaðinum og Fjármálaeftirlitinu falska öryggiskennd.

Margvíslegar breytingar hafa verið gerðar í starfsemi Fjármálaeftirlitsins sem bæta úr þeim ágöllum sem nefndir eru í skýrslu rannsóknarnefndar og unnið er að öðrum. Nýtt skipurit eftirlitsins og endurskipulagning sviða miðar að því að gera eftirlitið skilvirkara og auka slagkraft í eftirlitsframkvæmdinni. Starfsfólki hefur verið fjölgað frá því sem var í október 2008 og ennþá er unnið að fjölgun þess. Stofnað hefur verið nýtt svið réttarreikningsskila, svið yfirlögfræðings og fyrirhugað er að koma á fót sérstökum vettvangsrannsóknarhópi. Yfirmenn einstakra sviða hafa nú meira sjálfstæði en áður og bera jafnframt meiri ábyrgð. Í daglegum störfum hefur verið leitast við að auka staðfestu í vinnubrögðum, bæta verkferla og horfa ekki síður til anda laganna en lagabókstafsins við eftirlit. Ýmsar lagabreytingar hafa einnig verið gerðar sem styrkja eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins og unnið er að öðrum. Þá hefur nýtt verklag verið tekið upp við mat á hæfi stjórnarmanna fjármálafyrirtækja sbr. starfsreglur um ráðgjafarnefnd um mat á hæfi stjórnarmanna sem birtar eru á heimasíðu eftirlitsins auk fjölmargra annarra endurbóta.



## 1.5 Breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki

Þann 26. júní 2010 tóku gildi lög nr. 75/2010 sem breyttu lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Frumvarp að lögum var afurð nefndar sem viðskiptaráðherra skipaði 29. desember 2008 til að fara yfir lög á sviði fjármálamarkaðar. Við frumvarpsgerðina var höfð hliðsjón af þeirri vinnu sem fram hafði farið á vegum Evrópusambandsins í tengslum við breytingar á reglum vegna fjármálaáfallsins á haustdögum 2008. Þá hafði nefndin hliðsjón af skýrslu Kaarlo Jännäri, fyrrum forstjóra finnska fjármálaeftirlitsins.

Með breytingunum á lögnum fær Fjármálaeftirlitið auknar valdheimildir. Fjölgað er þeim ákvæðum þar sem Fjármálaeftirlitið fær heimildir til að leggja mat á rekstur eða hegðun eftirlitsskylds aðila. Þá fær Fjármálaeftirlitið auknar heimildir til að takmarka starfsemi fjármálafyrirtækja.

Ákvæði er snúa að endurskoðun eru skerpt og er ábyrgð og hlutverk innri eftirlitsdeilda og áhættustýringar aukin auk þess sem þrengd eru tímamörk starfstíma endurskoðunarfyrirtækis vegna starfa sinna fyrir einstök fjármálafyrirtæki. Þá skulu endurskoðendur, sem endurskoða ársreikning fjármálafyrirtækis, ekki gegna öðrum störfum fyrir fyrirtækið.

Lögð er skylda á fjármálafyrirtæki að halda sérstaka skuldbindingaskrá sem er mikilvægt verkfæri til þess að unnt sé að tengja saman aðila og leggja mat á kerfislæg áhrif, komi til erfiðleika í rekstri þeirra. Fjármálaeftirlitið skal einnig setja reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir. Heimildir fjármálafyrirtækja til að eiga eigin hluti hafa verið þrengdar og bannað er að veita lán með veði í eigin hlutabréfum eða stofnfjárbréfum.

Breytingar hafa verið gerðar á ákvæðum er snúa að kaupum á virkum eignarhlut í fjármálafyrirtæki og getur Fjármálaeftirlitið nú, telji það leika vafa á því hver sé eða verði raunverulegur eigandi, ákveðið að viðkomandi sé ekki hæfur til að fara með eignarhlutinn.

Gerðar eru auknar kröfur til stjórnarmanna og ábyrgð þeirra á eftirliti með rekstri aukin ásamt því að bann er sett við starfandi stjórnarformönnum. Fjármálaeftirlitinu er ætlað aukið hlutverk við eftirlit með starfi stjórnna. Þá hafa verið innleidd nýmæli er varða lykilstarfsmenn fjármálafyrirtækja og settar verða reglur um viðskipti fjármálafyrirtækja við starfsmenn sem og hvernig standa megi að kaupaukakerfum og starfslokasamningum.

Þá hefur viðurlagakafli laganna tekið breytingum í samræmi við framangreint og aukið hefur verið við heimildir Fjármálaeftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á aðila sem brýtur gegn lögnum. Þá má nefna að ekki er lengur gerð krafa um að brot teljist gróft eða ítrekað til þess að stjórnvaldssektum verði beitt vegna brota gegn 19. gr. laganna um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti.

Ásamt framangreindu starfar nú nefnd á vegum efnahags- og viðskiptaráðherra við gerð frumvarps til laga um frekari breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki. Ástæða breytinganna er m.a. útgáfa tilskipunar 2009/111/EB (e. Capital Requirement Directive- CRD II) sem breytir eldri útgáfum af tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB. Tilskipun 2006/48/EC fjallar um kröfur um heimild til að setja á laggirnar og reka fyrirtæki sem lánastofnun og 2006/49/EB fjallar um eiginfjárkröfur til liða í veltubók og tekur auk lánastofnana einnig til verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana og rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Í CRD II eru m.a. gerðar auknar kröfur til viðbótareiginfjárliða og lausafjárstýringar. Jafnframt stuðlar tilskipunin að takmörkunum á viðskiptum á millibanka-

markaði og frádrætti vegna stórra áhættuskuldbindinga, ásamt bættri áhættustýringu með verðbréfuðum stöðum.

Stefnt er að upptöku tilskipunarinnar í löggjöf hér á landi í lok árs 2010 en hún felur einnig í sér endurskoðun á eiginfjárreglum, reglum um stórar áhættuskuldbindingar og reglum um viðbótareiginfjárliði fjármálafyrirtækja.

## 1.6 Ný lög um váttryggingastarfsemi

Þann 17. júní 2010 tóku gildi ný lög um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010 sem leystu af hólmi eldri lög um sama efni nr. 60/1994. Með lögunum eru ýmsar tilskipanir Evrópusambandsins innleiddar, þ.á m. endurtryggingatilskipunin nr. 2005/68/EB, ásamt því sem kveðið er á um fjölmörg nýmæli sem leiða af breyttum áherslum héraendis. Eftirlit með lögunum er sem fyrr í höndum Fjármálaeftirlitsins.

Meðal helstu nýmæla má nefna að váttryggingafélög skulu nú rekin sem hlutfélög og að ekki er gert ráð fyrir möguleikanum á gagnkvæmum váttryggingafélögum. Starfsleyfisveitandi nú er Fjármálaeftirlitið í stað Efnahags- og viðskiptaráðherra áður.

Auknar kröfur eru nú gerðar til þeirra sem hyggjast eignast eða auka við virkan eignarhlut í váttryggingafélögum ásamt því sem hæfiskröfur til stjórnarsetu og til þess að gegna stöðu framkvæmdastjóra hafa verið hertar. Að sama skapi er nú í lögunum að finna strangari reglur um endurskoðun og reikningsskil, m.a. að því er varðar starfstíma og tilkynningaskyldu endurskoðenda. Jafnframt má nefna að samkvæmt 55. gr. laganna eru nú tiltekin skilyrði fyrir því að kaupaukakerfi séu viðhöfð og starfslokasamningar gerðir.

Váttryggingafélagaskrá skal samkvæmt nýju lögunum birt opinberlega á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins en jafnframt hefur verið hnykktt á almennum heimildum eftirlitsins til þess að upplýsa um niðurstöður mála.

Viðurlagakafla laganna hefur sætt nokkurri endurskoðun. Þannig má nefna að vísvitandi röng eða villandi upplýsingagjöf um hagi váttryggingafélags eða annað er það varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða viðskiptamanna varðar nú sektum eða fangelsi. Brot gegn 1. mgr. 6. gr. laganna um góða viðskiptahætti og venjur á váttryggingamarkaði og 2. mgr. 36. gr. laganna um eignir til jöfnunar váttryggingaskuld varða nú sektum eða fangelsi í stað einungis stjórnvaldssekta áður. Varðandi brot gegn 1. mgr. 6. gr. um góða viðskiptahætti má loks nefna að ekki er lengur gerð krafa um að brot teljist gróft eða ítrekað til þess að stjórnvaldssektum verði beitt.



## 2 Skipulag og rekstur Fjármálaeftirlitsins


### 2.1 Skipulag Fjármálaeftirlitsins

Nýtt skipurit fyrir Fjármálaeftirlitið var innleitt haustið 2009. Á árinu 2010 voru gerðar nokkrar breytingar á skipuritinu í tengslum við endurskoðun á hlutverki einstakra sviða og verklagi í eftirlitsstarfseminni. Í þessari vinnu hefur m.a. verið höfð hliðsjón af athugasemdum í Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Núverandi skipurit Fjármálaeftirlitsins gerir ráð fyrir fjórum eftirlitssviðum. Sviðin eru lánamarkaður og innheimtustarfsemi, verðbréfamarkaður, lífeyris- og verðbréfasjóðamarkaður og váttryggingamarkaður. Þá er gert ráð fyrir þremur stoðsviðum, en þau eru rekstrarsvið, upplýsingatækni og svið yfirlögfræðings. Auk þess er í skipuritinu sérstakt svið, réttarreikningsskilsvið (e. Forensic Accounting).

#### Skipulag lánasviðs

Með hliðsjón af mikilvægi lánasviðs í starfsemi Fjármálaeftirlitsins var talið nauðsynlegt að styrkja sérstaklega skipulag og starfshætti sviðsins. Yfir helmingi af ráðstöfunartíma starfsmanna eftirlitsins er varið innan lánasviðs og mörg fjármálafyrirtæki undir eftirliti sviðsins eru kerfislega mjög mikilvæg.




Á vormánuðum 2010 var hafist handa við gagngerar skipulagsbreytingar á lánasviði í þeim tilgangi að bæta vinnubrögð, skerpa áherslur, skýra ábyrgð, auka skilvirkni og verkstjórn og að bæta almennt verklag. Skipulag sviðsins gerir ráð fyrir fimm vinnuhópum. Þessir hópar eru áhættugreining, lögfræðihópur, eftirlit stórra aðila, eftirlit smærri aðila og hópur um gæða- og skipulagsmál. Hópstjóri er yfir hverjum hópi.

## 2.2 Þróun starfsmannamála

Starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins hefur fjölgað umtalsvert undanfarin ár og hefur starfsmannafjöldi eftirlitsins tvöfaldast frá ársbyrjun 2008. Um mitt ár 2009 var heildarfjöldi starfsmanna hins vegar 73 en 93 um mitt ár 2010.

Fjölgun starfsmanna má m.a. rekja til þess að hópur sem sinnir rannsóknum tengdum bankahruninu hefur stækkað umtalsvert og lánasvið hefur verið eflt. Þá hefur verið unnið að því að efla upplýsingatæknisviðið með auknum fjölda starfsmanna og nýjum sviðum, réttarreikningsskilasviði og sviði yfirlögfræðings hefur verið komið á fót. Ennfremur mun nýtt rekstrarsvið sjá um mannauðsmál, fjármál, rekstur, upplýsingamiðlun, gæðamál og skjala- og ritaraþjónustu.

Þróun á fjölda starfsmanna hjá FME frá 2004-2010



Flestir starfsmenn Fjármálaeftirlitsins eru með háskólamenntun. Eins og sést á töflu hér á næstu síðu eru viðskipta- og hagfræðingar fjölmennasti hópurinn og þar á eftir koma lögfræðingar. Sú breyting hefur orðið eftir bankahrunið að vel hefur gengið að ráða starfsmenn með meiri og fjölbreyttari reynslu en á árunum fyrir hrun. Um mitt ár 2010 var um helmingur starfsmanna með meira en 10 ára hagnýta reynslu.

## Skipting starfsmanna eftir menntun í júní 2010

Viðskipta- og hagfræðingar	34
Lögfræðingar	24
Sérfræðingar í upplýsingatækni	7
Verkfræðingar	5
Tryggingastærðfræðingur	1
Aðrir sérfræðingar	8
Skrifstofustörf	7
Tímabundnar ráðningar og sumarstörf	7
<b>Heildarfjöldi starfsmanna</b>	<b>93</b>

## 2.3 Rekstur og fjármál

Tímaskráning Fjármálaeftirlitsins gefur upplýsingar um skiptingu ráðstöfunartíma stofnunarinnar á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila. Höfð er hliðsjón af þessum upplýsingum á þriggja ára undangengnu tímabili við ákvörðun um hlutfallskiptingu kostnaðar við rekstur Fjármálaeftirlitsins milli eftirlitsskyldra aðila. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu ráðstöfunartímans fyrir árin 2008 og 2009:

### Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli flokka eftirlitsskyldra aðila

	2008 %	2009 %
Lánastofnanir	65,2	57,3
Vátryggingafélög og vátryggingamiðlarar	9,7	11,3
Lífeyrissjóðir	9,1	15,2
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	5,8	6,7
Verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir	1,0	0,9
Útgefendur hluta- og skuldabréfa	7,2	6,6
Ýmsir aðilar	2,0	2,0
<b>Samtals</b>	<b>100</b>	<b>100</b>

Ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins má einnig sundurgreina á tegundir verkefna eða viðfangsefni. Töluvert umrót hefur verið í reglubundinni starfsemi stofnunarinnar frá því á síðari hluta ársins 2008 vegna hruns bankakerfisins sem m.a. endurspeglast í breytingum á skiptingu ráðstöfunartíma stofnunarinnar á þessum árum milli helstu tegunda verkefna. Skipting ráðstöfunartíma vegna áranna 2008 og 2009 samkvæmt framangreindu er sýnd í töflu á næstu síðu.

Á árinu 2009 var um 12% af ráðstöfunartíma stofnunarinnar varið í sérstök verkefni sem tengjast endurreisn bankakerfisins, rannsóknum á bankahruninu og öðrum sérstöku verkefnum sem stofnuninni var falið. Sú vinna fellur að mestu undir liðinn *önnur eftirlitsmál* í töflunni.

### Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli helstu verkefna

	2008 %	2009 %
Eftirlitsverkefni	59,0	67,7
viðvarandi fjárhagslegt eftirlit ( e. off-site )	20,6	25,3
vettvangsathuganir (e. on-site)	9,1	2,6
önnur eftirlitsmál	29,3	39,9
Reglusetning	6,8	4,0
Almennur rekstur	24,9	23,4
Erlent samstarf/samskipti	9,2	4,8
<b>Samtals</b>	<b>100</b>	<b>100</b>

Með *viðvarandi fjárhagslegu eftirliti* í töflunni er átt við athuganir, vöktun og markaðsvakt af ýmsum toga sem að mestu byggist á reglubundinni upplýsingasöfnun eða skýrsluskilum til Fjármálaeftirlitsins. Einnig falla þarna undir ýmsar sértækar skoðanir er varða starfsemi, viðskiptahætti og starfsreglur eftirlitsskyldra aðila. Með *vettvangsathugunum* er átt við eftirlitsverkefni sem hafin eru með sérstökum eftirlitsheimsóknum. Undir liðinn *önnur eftirlitsmál* í töflunni fellur svo vinna við ýmsar leyfisveitingar, hæfismöt, upplýsingamiðlun og kvörtunar- og neytendamál. Með *almennum rekstri* er átt við vinnu við mála- og skjalastjórnunarkerfi stofnunarinnar, tölvu- og upplýsingatækni, starfsmannamál, fræðslumál og annað sem lýtur að reglubundnum rekstri og skrifstofuhaldi.

#### Rekstur á árinu 2009 og áætlaður rekstur á árinu 2010

Á árinu 2009 námu gjöld Fjármálaeftirlitsins að meðtöldum eignakaupum alls 1.171,8 m.kr. en tekjur að meðtöldum fjármunatekjum alls 813,7 m.kr. Þar af voru tekjur af eftirlitsgjaldi 777,6 m.kr. Auk þess nam sérstakt framlag ríkisins 18,5 m.kr. Á árinu 2009 varð því 339,6 m.kr. tekjuhalli af rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meðtalið í framangreindu eru ekki 8,5 m.kr. gjöld og tekjur vegna úrskurðarnefnda, sem vistaðar eru hjá Fjármálaeftirlitinu. Eigið fé í árslok 2009 var 188,7 m.kr. en í ársbyrjun var eigið fé 528,3 m.kr. sem er að stórum hluta tengt sérstöku framlagi úr ríkissjóði undir lok ársins 2008 á grundvelli svokallaðra neyðarlaga (l. nr. 125/2008) til að mæta margvíslegum kostnaði vegna aðgerða tengdum bankahruninu og endurreisn bankakerfisins. Að frátöldum gjöldum og tekjum sem tengjast neyðarlögnum eru gjöld Fjármálaeftirlitsins á árinu 880,4 m.kr. og tekjuhalli ársins 66,7 m.kr.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun stofnunarinnar fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir að gjöld án úrskurðarnefnda verði alls 1.194,9 m.kr. Áætlað er að tekjur að meðtöldum vaxtatekjum á árinu verði alls 1.160 m.kr. en þar af verði tekjur af eftirlitsgjaldi alls 1.153 m.kr. Áætlaður tekjuhalli á árinu er því 34,9 m.kr. Að teknu tilliti til 202 m.kr. eigin fjár í ársbyrjun er því gert ráð fyrir að eigið fé stofnunarinnar verði jákvætt um 167,1 m.kr. í árslok 2010.

Rekstraráætlanir Fjármálaeftirlitsins og samanburður við rauntölur og fyrri ár eru fylgiskjöl með árlegum frumvörpum viðskiptaráðherra til breytinga á lögum nr. 99/1999 vegna álagningar eftirlitsgjalds. Helstu atriði úr ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009 eru sýnd í 6. kafla skýrslunnar en ársreikningurinn er birtur í heild á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.








## 3 Fjármálamarkaðir

### 3.1 Lánamarkaður

#### Stærð bankakerfisins

Frá október 2008 hafa heildareignir viðskiptabankanna, sem ná til nálægt 90% af heildareignum innlánsstofnana, ekki sveiflast mikið og verið um 3.000 ma.kr., eða um það bil tvöföld landsframleiðsla. Það er svipað hlutfall af landsframleiðslu eins og var í lok ársins 2003 þegar einkavæðingu bankanna var nýlukið. Fjórum árum síðar, eða í lok árs 2007, hafði bankakerfið stækkað í rúmlega 12.000 ma.kr. eða sem samsvaraði rúmlega nífaldrum vergri landsframleiðslu þess árs. Þessi mikla stækkun er m.a. rakin til ytri vaxtar með yfirtökum og innri vaxtar með útlánavexti og verðbréfafjárfestingum. Í október 2008 tók Fjármálaeftirlitið ákvarðanir um að ráðstafa eignum og skuldum stærstu þriggja viðskiptabankanna og voru reistir nýir viðskiptabankar á grunni innlendrar starfsemi þeirra. Við það minnkaði bankakerfið verulega, þar sem erlend umsvif þess voru lítil sem engin eftir endurreisnina og virði eigna bankanna rýrnuðu við flutning þeirra frá þeim eldri til hinna nýju.


**Mynd 1** | Heildareignir viðskiptabanka  
- fjárhæðir í ma.kr. og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu



#### Afkoma

Fall stóru viðskiptabankanna haustið 2008 setti mark á rekstur íslenska bankakerfisins. Á árunum fyrir fallið höfðu rekstrargjöld banka og sparisjóða farið lækkandi sem hlutfall af heildareignum. Á árinu 2009 hækkaði þetta hlutfall upp í 2,7% en lækkaði síðan aftur niður í 1,6% á fyrri helmingi ársins 2010. Tölur fyrir fyrri hluta árs 2010 eru umreiknaðar m.v. heilt ár.

**Mynd 2** | Helstu rekstrarliðir í hlutfalli af meðalstöðu efnahagsreiknings hjá bönkum og sparisjóðum



Hreinar vaxtatekjur sem hlutfall af heildareignum höfðu farið lækkandi hjá bönkum og sparisjóðum fram að falli en frá miðju ári 2008 byrjuðu þær að hækka aftur og á árinu 2009 voru þær komnar í 2,7% en lækkuðu síðan aftur á fyrri helmingi ársins 2010 niður í 2,2%. Afskriftarframlög sem hlutfall af meðalstöðu efnahagsreiknings hækkuðu mikið árið 2009 en hafa síðan farið lækkandi aftur á fyrri helmingi ársins 2010 og eru nú 2,1% samanborið við 3,7% á árinu 2009. Afsláttur á þeim lánnum sem nýju bankarnir fengu frá þeim gömlu kemur ekki fram í þessu hlutfalli.

### Eiginfjárstaða

Þegar eiginfjárlutfall stærstu fjármálfyrirtækjanna m.v. 30. júní 2010 er skoðað í sögulegu samhengi má sjá að það hefur ekki verið hærra en það var um mitt ár 2010. Meginskýringin er sú að Fjármálaeftirlitið hefur gert hærri eiginfjárkröfur til þeirra fjármálfyrirtækja sem hafa verið endurskipulögð eftir efnahagshrunið 2008. Á mynd 3 má sjá að í lok árs 2008 var vegið meðaltal eiginfjárlutfalls fyrir fjármálfyrirtækin undir lögbundnu lágmarki eða aðeins rúmlega 4%. Skýringar á því eru meðal annars þær að á meðal tíu stærstu fjármálfyrirtækjanna voru nokkur þeirra með frest frá Fjármálaeftirlitinu til að auka eiginfjárgrunn sinn auk þess sem að endanlegri endurfjármögnun stóru viðskiptabankanna þriggja var ekki lokið að fullu.


**Mynd 3** | Lögbundið eiginfjárlutfall með og án vijkandi lána hjá tíu stærstu lánastofnunum



## Lausafjárstaða

Lausafjárstaða þriggja stærstu viðskiptabankanna, eins og hún reiknast samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands, hefur verið mjög stöðug undanfarin misseri. Lágmark lausafjárhlutfalls samkvæmt fyrrnefndum reglum er 1 og hefur vegin meðal lausafjárstaða miðað við stærð bankanna þriggja verið um 2. Sjá mynd 4 hér á eftir.

**Mynd 4** | Lausafjárhlutfall þriggja stærstu viðskiptabankanna - lausar eignir umfram lausar skuldir til 3ja mánaða




Í tengslum við endanlega útgáfu starfsleyfis til nýju viðskiptabankanna þriggja árið 2009 gerði Fjármálaeftirlitið þá kröfu að hlutfall lausafjäreigna af heildarinnstæðum skyldi vera a.m.k. 20% og hlutfall reiðufjár a.m.k. 5% af óbundnum innstæðum. Bankarnir þrír standast þær kröfur. Á tímabilinu október 2009 til og með júní 2010 hefur fyrrnefnda hlutfallið verið að meðaltali um 30% og það síðarnefnda um 12%.

## Fjármögnun

Með því að skoða þróun innlána sem hlutfall af útlánunum hjá stærstu viðskiptabönkunum þremur fyrir síðasta áratuginn má sjá að fjármögnun þeirra hefur verið breytileg. Hlutfallið var nokkuð stöðugt í upphafi áratugarins eða um 45% en lækkar á árinu 2004 eftir að bankarnir hafa allir verið einkavæddir og er um 30% næstu árin. Seint á árinu 2006 byrjuðu íslensku bankarnir að leggja aukna áherslu á innlán frá erlendum viðskiptavinum og í kjölfarið hækkaði hlutfall innlána af útlánunum hratt og var um 50% í lok árs 2007. Mikilvægi innlána í fjármögnun nýju viðskiptabankanna sem reistir voru í október 2008 sést mjög vel á mynd 5 þar sem að hlutfall innlána af útlánunum er um 80% og má því segja að hlutfallið sé mjög hátt í sögulegu samhengi.


**Mynd 5** | Þrír stærstu viðskiptabankarnir  
Innlán sem hlutfall af útlánunum til viðskiptavina (ma.kr.)



## Stórar áhættuskuldbindingar

Til að takmarka áhrif taps einstakra viðskiptamanna eða hóps tengdra viðskiptamanna fjármálafyrirtækja mega samanlagðar kröfur á slíka aðila ekki fara yfir 25% af eiginfjárgrunni (CAD eigin fé) viðkomandi fjármálafyrirtækis og samtala stórra áhættuskuldbindinga ekki vera hærri en 800%. Fjármálaeftirlitið fylgist sérstaklega með öllum stórum áhættuskuldbindingum (e. large exposures) en um er að ræða samanlagðar kröfur fjármálafyrirtækis á einstakan útgefanda eða tengda aðila sem nema meiru en 10% af eiginfjárgrunni (CAD eigin fé) þess.

**Mynd 6** Stórar áhættuskuldbindingar þriggja stærstu viðskiptabankanna á samstæðugrunni




Eins og myndin hér að ofan ber með sér hafði eiginfjárgrunnur viðskiptabankanna þriggja þanist út í árslok 2007. Vægi stórra áhættuskuldbindinga gagnvart eiginfjárgrunni er mjög áberandi eftir hrun bankanna og björgunaraðgerðir ríkissjóðs, eins og sjá má í árslok 2008. Meira jafnvægi kemst svo á þarna á milli í árslok 2009 og um mitt ár 2010. Hrun bankanna sýnir að gæta verður ítrustu varfærni varðandi mat á stórum áhættuskuldbindingum. Ef minnsti vafi leikur á tengslum aðila ber frekar að tengja þá en ekki.

## Verðbréfaeign viðskiptabankanna

Skuldabréfa- og hlutabréfaeign viðskiptabankanna í veltubók og fjárfestingabók lækkaði mikið frá árslokum 2007 til ársloka 2008 bæði í fjárhæð og sem hlutfall af CAD eigin fé. Lækkunin skýrist af því að við stofnun nýju viðskiptabankanna þriggja í árslok 2008 tóku bankarnir aðeins yfir lítinn hluta af skuldabréfa- og hlutabréfaeign gömlu bankanna. Frá árslokum 2008 til ársloka 2009 lækkaði hlutabréfaeign bankanna enn frekar en skuldabréfaeign hækkaði nokkuð. Hækkunin skýrist

**Mynd 7** Skuldabréfa- og hlutabréfaeign í veltubók og fjárfestingabók viðskiptabankanna




fyrst og fremst af því að við stofnun nýju viðskiptabankanna fengu þeir afhent ríkisskuldabréf sem eiginfjárframlög. Óveruleg breyting varð á verðbréfaeign bankanna á fyrri hluta ársins 2010 eins og mynd 7 sýnir.

### Útlán með veði í íbúðarhúsnæði

Um mitt ár 2010 voru útlán með veði í íbúðarhúsnæði hjá viðskiptabönkunum 261 ma.kr. og 42 ma.kr. hjá sparisjóðunum, eða samtals 303 ma.kr. Hjá bönkunum nema þessi útlán 72,8% af CAD eiginfjárgrunni, en neikvæð eiginfjárstaða nokkurra sparisjóða gerir erfitt um vik við slíkan útreikning hjá þeim í heild. Á sama tíma eru lán með veði í íbúðarhúsnæði hjá bönkunum 17,1% af lánnum til viðskiptavina, en 19,7% hjá sparisjóðunum.

**Mynd 8** | Íbúðalán viðskiptabanka og stærstu sparisjóða greind eftir veðhlutföllum



Eins og sjá má á mynd 8 þá eru um 45% af heildarútlánnum viðskiptabanka og stærstu sparisjóða með veði í íbúðarhúsnæði með veðhlutfall undir 70%, 19% slíkra lána er með veðhlutfallið 70 – 90% og 36% þeirra eru með veðhlutfall yfir 90% en þar af eru 28% með yfir 100% veðhlutfall. Í fjárhæðum talið eru 109,5 ma.kr. af lánnum viðskiptabanka og sparisjóða með veðhlutfall yfir 90% en þar af 85,5 ma.kr. með veðhlutfall yfir 100%.


Það þarf ekki að koma á óvart að þessi hlutföll hafa öll skekkst verulega eftir hrun bankanna, en misserin þar á undan var algengt að um 10% af heildarútlánnum viðskiptabankanna og stærstu sparisjóðanna með veði í íbúðarhúsnæði lentu í flokknum með veðhlutfall yfir 100%, samanborið við 28% nú.

### Endurskipulagning lánasafna

Mikilvægur þáttur í endurreisn bankanna er endurskipulagning á lánasöfnum þeirra. Ljóst er að þær áætlanir sem bankarnir settu sér í upphafi árs 2009 hafa ekki gengið eftir og gengur endurskipulagningin hægar en vonir stóðu til. Fjármálaeftirlitið hefur af þessu töluverðar áhyggjur og þar sem þetta er ein stærsta áhættan í rekstri fjármálafrirtækjanna er mjög mikilvægt að hraða þessu ferli eins og kostur er.


Stóru viðskiptabankarnir þrír hafa skilað inn til Fjármálaeftirlitsins lánasafnskýrslum (e. Loan Portfolio Analysis Reports) frá því í október 2009. Í þessum skýrslum er haldið utan um stöðu lánasafns bankanna og skiptingu safnsins eftir því hvort lán eru í vanskilum eða frýstingu, í skilum eftir endurskipulagningu eða í skilum án endurskipulagningar.

**Mynd 9** | Hlutfall endurskipulagðra lána af bókfærðu virði lánasafnsins



Á mynd 9 hér að ofan má greina hvernig bönkunum hefur gengið að endurskipuleggja lánasöfnin. Hvað varðar stærri fyrirtækjalán (yfir 100 m.kr. kröfuvirði) hefur hlutfall slíkra lána m.v. bókfært virði útlánaflokksins farið úr 5% frá október 2009 upp í 26% í ágúst 2010. Hvað varðar smærri fyrirtæki (undir 100 m.kr. kröfuvirði) hefur hlutfallið lækkað úr 13% niður í 10%. Hlutfall lána sem búið er að endurskipuleggja hjá einstaklingum með stærri lán (yfir 100 m.kr. kröfuvirði) hefur farið úr 6% upp í 14% og hvað varða einstaklinga með minni lán hefur hlutfall endurskipulagðra lána farið úr 15% upp í 28%. Þrátt fyrir að bankarnir séu búnir að endurskipuleggja töluverðan hluta lánasafnsins hefur lánnum í vanskilum eða frystingu ekki fækkað mikið. Það skýrist af því að á sama tíma og bankarnir voru að endurskipuleggja lánasöfn sín fækkaði þeim útlánnum sem voru í skilum án endurskipulagningar.

**Mynd 10** | Hlutfall vanskilalána af bókfærðu virði lánasafnsins



Hvað varðar stærri fyrirtækjalán (yfir 100 m.kr. kröfuvirði) hefur hlutfall slíkra lána í vanskilum eða frystingu m.v. bókfært virði útlánaflokksins farið úr 49% frá október 2009 niður í 43% í ágúst 2010. Hvað varðar smærri fyrirtæki (undir 100 m.kr. kröfuvirði) hefur hlutfallið lækkað úr 46% niður í 36%. Hlutfall lána sem eru í vanskilum eða frystingu hjá einstaklingum með stærri lán (yfir 100 m.kr. kröfuvirði) hefur farið úr 61% upp í 71% og hvað varðar einstaklinga með minni lán hefur hlutfall lána í vanskilum eða frystingu farið úr 23% upp í 29%.



## Vettvangsathuganir (e. on-site) og aðrar athuganir

Framkvæmdar voru sex vettvangsathuganir hjá lánastofnunum á tímabilinu. Farið var yfir alla helstu þætti í starfsemi þessara aðila, s.s. fjárhagslega stöðu, rekstur og mat lagt á eignasöfn þeirra. Jafnframt hafa verið framkvæmdar úttektir á eignum nokkurra fjármálafyrirtækja sem unnar hafa verið af sérfræðingum, tilnefndum af Fjármálaeftirlitinu.

Á árinu 2010 var unnið að sérstökum athugunum á mögulegum áhrifum af ólög-  
mæti útlána tengdum erlendum gjaldmiðlum á eigið fé fjármálafyrirtækja. Nánar er  
fjallað um þessar athuganir í sérstakri rammagrein í skýrslunni.

Eftir bankahrunið í október 2008 dró verulega úr vettvangsskoðunum Fjármála-  
eftirlitsins á lánamarkaði þar sem tími starfsmanna fór að mestu í björgunaraðgerð-  
ir mánuðina og misserin þar á eftir. Ljóst er hins vegar að aukið vægi vettvangs-  
skoðana er mikilvægur liður í eflingu eftirlits.

Áherslur í bankaeftirliti á komandi misserum verða á aukið vægi vettvangs-  
heimsókna og áhættustýringu fjármálafyrirtækja. Jafnframt verður unnið að innri  
skipulagsbreytingum að teknu tilliti til þeirra atriða sem fram koma í Skýrslu rann-  
sóknarnefndar Alþingis.

## Athuganir vegna útlána tengdum gengi erlendra gjaldmiðla

Fljótlega upp úr áramótum fór athyglin að beinast að mögulegum áhrifum af  
ólögmæti útlána tengdum erlendum gjaldmiðlum á eigið fé fjármálafyrirtækja.  
Af því tilefni framkvæmdi lánasviðið fjórar athuganir á árinu 2010 er snéru að  
framangreindu.

Hinn 12. febrúar 2010 kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp dóm um lögmæti  
gengistryggðs kaupleigusamnings. Niðurstaða dómsins var að óheimilt væri  
að tengja skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla.  
Fljótlega var ljóst að dómnum yrði áfrýjað til Hæstaréttar Íslands. Í kjölfar  
dómsins framkvæmdi lánasvið tvær athuganir þar sem fjármálafyrirtæki voru  
beðin um að meta hver möguleg áhrif yrðu á eigið fé yrði niðurstaða dómsins  
staðfest af Hæstarétti. Svör fjármálafyrirtækja gáfu til kynna að áhrifin yrðu  
ekki veruleg þó svo að munurinn milli einstakra fjármálafyrirtækja væri mik-  
ill. Meginniðurstaðan var þó sú að mat á mögulegum áhrifum væri tæknilega  
flóknara en gengið hafði verið út frá í upphafi.

Í lok maí 2010 lá fyrir að dómur Hæstaréttar væri á næsta leiti og var því  
framkvæmd þriðja athugunin. Sú athugun var mun ítarlegri en fyrri athug-  
anir. Nú fór Fjármálaeftirlitið fram á að fjármálafyrirtækin flokkuðu lánasafn  
sitt eftir því hvernar tegundar lánin væru ásamt því að áhrif á eiginfjárgrunn og  
einstaka þætti áhættugrunns yrðu sérstaklega greind. Jafnframt var óskað eft-  
ir tveimur sviðsmyndum, annars vegar niðurstöðu miðað við að lánsamning-  
arnir héldu samningsvöxtum og hins vegar miðað við lægstu óverðtryggðu vexti  
Seðlabanka Íslands.

Hinn 16. júní 2010 kvað Hæstiréttur upp tvo dóma varðandi lögmæti láns-  
skuldbindinga í íslenskum krónum tengdum gengi erlendra gjaldmiðla, sbr.  
mál nr. 92/2010 og 153/2010, og staðfesti niðurstöðu héraðsdóms. Forsendur  
Hæstaréttar voru meðal annars þær að lánsfjárhæð, kaupverð bifreiðar og mán-  
aðarlegar afborganir voru tilgreindar í íslenskum krónum. Þá benti rétturinn á



að tekið væri fram í samningunum að íslensk fjárhæð hverrar afborgunar skyldi breytast eftir erlendu myntunum sem mið var tekið af, ásamt því að í yfirskrift samningsins kæmi fram að hann væri „gengistryggður“. Þar sem þessar forsendur gáfu vísbendingar um til hvers dómstólar myndu líta við ákvörðun um lög- mæti annarra lánsamninga og vegna áframhaldandi óvissu um það við hvaða vaxtakjör miða ætti við í slíkum samningum, var ákveðið að framkvæma fjórðu athugunina.

Fjórða athugunin hófst 28. júní 2010 og var margfalt umfangsmeiri en fyrri athuganir. Fyrst má nefna að tveimur nýjum sviðsmyndum var bætt við, nán- ar tiltekið niðurstaða miðuð við verðtryggða vexti Seðlabanka Íslands og nið- urstaða miðuð við samningsvexti þar sem notkun force majeure ákvæða í samningum var heimiluð. Einnig krafðist Fjármálaeftirlitið þess að ytri endur- skoðendur fjármálafyrirtækja gerðu athuganir á réttmæti útreikninga og stað- festu það með áritun sinni. Til að auka gæði og eftirlit með framkvæmd hennar, var alþjóðlegt ráðgjafafyrirtæki, Oliver Wyman, fengið til að aðstoða starfsmenn Fjármálaeftirlitins við framkvæmdina.

Við framkvæmdina sjálfa og eftirvinnslu komu upp þættir sem geta haft áhrif á niðurstöðuna en er erfitt að mæla með nokkurri vissu. Þar má nefna hvort fjár- málafyrirtæki geti samið um nettun ofgreiðslna eða hækkað bókfært virði ís- lenskra lána hjá þeim viðskiptavinum sem fá erlend lán sín dæmd ólög- mæt.

Eftir að niðurstöður höfðu verið teknar saman var óskað eftir utanaðkomandi lögfræðiálit á þeirri aðferðarfræði sem beitt var við flokkun lána og hverjar lík- urnar væru á því að hver flokkur fyrir sig yrði dæmdur ólög- mætur. Niðurstaða álitsins var að nálgun og flokkun Fjármálaeftirlitsins hefði verið rökrétt og til þess fallin að gefa rétta mynd af því hvers konar samningar falli undir dóma- fordæmi Hæstaréttar. Á hinn bóginn segir í álitsgerðinni að viss atriði í flokk- uninni hafi verið nokkuð ströng og til þess fallin að gefa verstu mögulega nið- urstöðu. Í framhaldi af því var óskað eftir að fjármálafyrirtæki endurflokkuðu lán sín í samræmi við niðurstöðu álitsgerðarinnar.

Meginniðurstaðan af athuguninni sem hófst undir lok júní 2010, og að teknu tilliti til framangreindrar endurflokkunar á lánnum, var sú að fjármálakerfið gæti orðið fyrir verulegu eiginfjár áfalli m.v. að samningsvextir ólög- mætra geng- istryggðra lána yrðu taldir gilda en að áhrifin á viðskiptabankana teldust viðráð- anleg m.v. óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands. Áhrifin á mörg lánafyrirtæki, einkum fjármögnunarleigufyrirtækin, voru hins vegar talin veruleg miðað við báðar megin sviðsmyndirnar.

Hinn 16. september 2010 kvað Hæstiréttur síðan upp dóm sem fól í sér að óverðtryggðir vextir Seðlabanka Íslands skyldu gilda í máli þar sem gengistrygg- ing hafði áður verið dæmd ólög- mæt.

## 3.2 Verðbréfamarkaður


### Þróun á verðbréfamarkaði

Eftir mikið umrót á verðbréfamarkaði haustið 2008 hefur gætt talsverðrar ládeyðu hvað varðar viðskipti á hlutabréfamarkaði. Aðra sögu er að segja af skuldabréfamarkaðinum en skráð skuldabréf og víxlar spanna rúmlega 87% af markaðsvirði skráðra fjármálagerninga í kauphöll (Nasdaq OMX Iceland) samanborið við tæplega 37% í lok árs 2007. Í dag einkennist íslenski verðbréfamarkaðurinn af miklum viðskiptum með ríkistryggð skuldabréf og hefur raun- og nafnávöxtunarkrafa þessara bréfa lækkað svo um munar frá miðju síðasta ári m.a. vegna vaxandi eftirspurnar eftir áhættulitlum fjármálagerningum og lækkunar stýrivaxta.

### Þróun á hlutabréfamarkaði

Frá því að hafa náð lágmarki sínu um miðjan fyrsta ársfjórðung árið 2009 hefur OMXI6, úrvalsvísitala Nasdaq OMX Iceland, hækkað um rúm 60% til 30. júní 2010. Velta skráðra hlutabréfa hefur dregist saman um 98% ef tímabilið 1. júlí 2009 til 30. júní 2010 er borið saman við sama tímabil árin 2007 til 2008. Auk þess hefur veltuhraði skráðra hlutabréfa farið úr 0,5 í 0,2 milli ára sem er lýsandi fyrir það hversu mikið hefur dregið úr umsvifum á íslenskum hlutabréfamarkaði.

**Mynd 11** | Þróun úrvalsvísitölu Nasdaq OMX Iceland



Á árinu 2009 voru fimm hlutafélög afskráð af Aðalmarkaði Nasdaq OMX Iceland; Kaupþing banki hf. (28. janúar), Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf. (10. mars), Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. (23. mars), Hf. Eimskipafélag Íslands (3. júlí) og Alfesca hf. (5. október). Það sem af er árinu 2010 hefur eitt félag verið afskráð; Bakkavör Group hf. (16. apríl). Engin nýskráning átti sér stað á árinu 2009 né það sem liðið er af árinu 2010 og stendur því fjöldi skráðra félaga í 12 sem er fækkun um eitt frá því í lok árs 2009, en þar af eru þrjú skráð á First North. Þess má geta að hlutabréf Össurar hf. voru skráð á Nasdaq OMX Copenhagen þann 4. september 2009.


### Fjöldi skráðra hlutafélaga í Nasdaq OMX Iceland

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	30.6.2010
Skráð hlutafélög	64	48	34	26	27	30	18	13	12

Heimild: Nasdaq OMX Iceland

Markaðsvirði skráðra hlutabréfa jókst um 25 ma.kr. (12%) frá því í lok árs 2009 til 30. júní sl. og hefur farið úr því að vera 14% af vergri landsframleiðslu (VLF) í lok síðasta árs í að vera 16% ef tekið er mið af þjóðhagssþá Hagstofu Íslands frá 15. júní sl. Verðmætasta skráða félagið er Össur hf. (83 ma.kr.) en næstverðmætasta félagið er Marel hf. (65 ma.kr.).


**Mynd 12** | Markaðsvirði skráðra hlutabréfa í Nasdaq OMX Iceland



### Þróun á skuldabréfamarkaði

Ólíkt íslenska hlutabréfamarkaðinum hefur skuldabréfamarkaðurinn haldið sjó og jafnvel gott betur. Frá 1. júlí í fyrra til 30. júní sl. mældist heildarvelta á skuldabréfamarkaði 2.795 ma.kr. samanborið við 2.954 ma.kr. árið áður. Mest var veltan með óverðtryggð ríkisbréf (1.768 ma.kr.) en næstmest með íbúðabréf (861 ma.kr.). Veltuhraði skráðra skuldabréfa jókst úr 1,8 í 2,0 sem útskýrist af því að meðalvelta var mikil (233 ma.kr. á mánuði) en markaðsvirði lækkaði á sama tíma (-28%). Talsverðar sveiflur hafa verið í ávöxtunarkröfu skráðra skuldabréfa. Til dæmis lækkaði ávöxtunarkrafa 5 ára óverðtryggðu skuldabréfavísitölu Nasdaq OMX Iceland (OMXI5YNI) um 274 pkt. á síðustu sex mánuðum ársins 2009 og fyrstu sex mánuðum ársins 2010 sem jafngildir 23% ávöxtun á skuldabréf með 5 ára meðalbínditíma (e. duration). Næstmest verðhækkun var á 10 ára verðtryggðri skuldabréfavísitölu Nasdaq OMX Iceland (OMXI10YI), um 21%, sem samsvarar 86 pkt. lækkun á raun-ávöxtunarkröfu til 10 ára.

**Mynd 13** | Þróun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra vísitalna Nasdaq OMX Iceland



Það sem af er árinu 2010 hefur ávöxtunarkrafa ríkistryggðra skuldabréfa sem eru skráð í Nasdaq OMX Iceland lækkað mikið. Stafar þessi lækkun af mikilli eftirspurn eftir áhættulitlum fjármálagerningum og 300 pkt. lækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands frá því um mitt ár 2009. Má í því samhengi nefna að samkvæmt Markaðsupplýsingum,

útgefnum af Lánamálum Ríkisins, hefur útstandandi upphæð útgefinna ríkisvixla og ríkisbréfa farið úr því að vera 442 ma.kr. í lok árs 2009 í að vera 666 ma.kr. 30. júní sl. Auk þess hafa eftirstöðvar íbúðabréfa Íbúðalánasjóðs aukist um 2% frá árslokum 2009.

**Mynd 14** | Þróun ávöxtunarkröfu verðtryggðra vísitalna Nasdaq OMX Iceland




Um mitt núlíðandi ár voru 142 skuldabréfaflokkar skráðir á Nasdaq OMX Iceland en að baki þeim stóðu 52 útgefendur. Íbúðalánasjóður var atkvæðamestur hvað varðar fjölda skráðra flokka, með 35 flokka, en næst á eftir var Ríkissjóður Íslands með 12 skráða flokka. Fjöldi nýskráðra skuldabréfaflokka á tímabilinu 1. júlí 2009 til 30. júní 2010 var 19 á meðan fjöldi afskráðra fyrir utan þá er fallnir voru á gjald-daga var 16. Frá því um mitt ár 2009 hefur markaðsvirði skráðra skuldabréfa aukist um 276 ma.kr. (20%) og um 264 ma.kr. (19%) frá því í lok árs 2009. Stendur virðið nú í 1.625 mö.kr. sem jafngildir 112% af vergri landsframleiðslu (VLF) ef tekið er mið af þjóðhagsspa Hagstofu Íslands frá 15. júní 2010. Markaðsvirði flokka Ríkissjóðs Íslands var mest 30. júní 2010 eða 681 ma.kr. en þar á eftir kemur Íbúðalánasjóður með 613 ma.kr. Viðskipti með fyrirtækjaskuldabréf hafa verið dræm og námu einungis 1.546 m.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins 2010 samanborið við 11.361 m.kr. á síðustu sex mánuðum ársins 2009.

**Mynd 15** | Markaðsvirði skráðra skuldabréfa á Nasdaq OMX Iceland



Síðustu misseri hafa einkennst af einhæfum skuldabréfamarkaði á Nasdaq OMX á Íslandi. Meginþorri útgefinna skuldabréfa hefur verið á vegum ríkissjóðs, u.þ.b. 85% (hér er þó ekki talin með útgáfa ríkisins á skuldabréfaflokknum RIKH 18 1009, að fjárhæð 200 ma.kr. til endurreisnar bankakerfisins). Velta hefur verið mest með bréf útgefin af ríkissjóði og Íbúðalánasjóði, en heldur hefur dregið úr útgáfum fyrirtækja vegna efnahagslæðdar og áhættufælni fjárfesta. Með áframhaldandi vaxtalækkunum Seðlabankans ættu skuldabréfaútgáfur að verða vænlegri leið til fjármögnunar fyrir fyrirtæki á næstu misserum en verið hefur.

**Mynd 16** | Skuldabréf skráð í ISK á Nasdaq OMX Iceland



## Yfirtökumál

Fjármálaeftirlitið tók afstöðu til umtalaðra yfirtökumála á liðnu ári. Um mitt ár 2009 ákvað Fjármálaeftirlitið að Íslandsbanka hf. skyldi veitt skilyrt undanþága frá tilboðsskyldu til að fara með allt að 50% hlutfjár í Icelandair Group hf. vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem bankinn var í sem kröfuhafi gagnvart stórum hluthöfum félagsins en athugun leiddi í ljós að bankinn hafði óbein yfirráð í Icelandair Group hf. Undanþágan var veitt til tólf mánaða og tæplega ári síðar óskaði bankinn eftir sex mánaða framlengingu með vísan til þess að endurskipulagning á Icelandair Group hf. hefði reynst flóknari og umfangsmeiri heldur en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir og þess ástands sem skapast hafði hjá flugfélögum í heiminum í tengslum við eldgos í Eyjafjallajökli. Fjármálaeftirlitið ákvað að framlengja frest Íslandsbanka hf. til endursölu um sex mánuði.

Í júní 2010 barst undanþágubeiðni frá Framtakssjóði Íslands slhf. frá tilboðsskyldu í Icelandair Group hf. en Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá tilboðsskyldu fyrirfram. Fjármálaeftirlitið ákvað að Framtakssjóði Íslands slhf. skyldi veitt skilyrt undanþága frá tilboðsskyldu til að fara með allt að 32,5% hlutfjár í Icelandair Group hf. vegna þátttöku sjóðsins í fjárhagslegri endurskipulagningu Icelandair Group hf.

## Lýsingar – Hæfir fjárfestar

Samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti ber Fjármálaeftirlitinu að halda skrá yfir þá einstaklinga og þau litlu og meðalstóru fyrirtæki sem það hefur viðurkennt sem hæfa fjárfesta. Skrá Fjármálaeftirlitsins er aðgengileg útgefendum verðbréfa í þeim tilgangi að bjóða hæfum fjárfestum að vera með í útboði án þess að útbúa lýsingu.

Til þess að komast á skrá Fjármálaeftirlitsins yfir hæfa fjárfesta þarf fjárfestir að uppfylla ákveðin skilyrði laga um verðbréfavíðskipti. Fjármálaeftirlitið ákvað að túlka ákvæði laganna svo að skilyrði þeirra yrði ávallt að vera uppfyllt en ekki eingöngu þann dag sem sótt væri um viðurkenninguna og í kjölfarið kynnti Fjármálaeftirlitið nýtt verklag við skráningu hæfra fjárfesta. Var tekin upp sú verklagsregla að viðurkenna aðila sem hæfa fjárfesta eingöngu tímabundið, þ.e. frá 1. júní – 31. maí. Hæfir fjárfestar verða því fjarlægðir af skrá Fjármálaeftirlitsins 1. júní ár hvert nema þeir hafi óskað skriflega eftir því á tímabilinu 1. mars - 31. maí að vera áfram á skránni. Fjárfestar sem hafa samband eftir 31. maí og vilja komast aftur á skrá yfir hæfa fjárfesta þurfa að senda inn nýja umsókn ásamt gögnum því til staðfestingar að skilyrði fyrir viðurkenningunni séu uppfyllt.

## Sáttir skv. 142. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Á tímabilinu 1. júlí 2009 til 30. júní 2010 var ellefu aðilum boðið að gangast undir sáttargerð vegna brota á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Níu aðilar gengust við því að hafa skilað listum yfir fruminnherja eða aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum of seint til Fjármálaeftirlitsins og tveir aðilar gengust við því að hafa sent efnislega ófullnægjandi lista yfir aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum til Fjármálaeftirlitsins.

## Þáttur Fjármálaeftirlitsins í rannsóknum á meintum brotum gegn lögum um gjaldeyrismál

Fjármálaeftirlitið gegndi hlutverki rannsóknaraðila vegna meintra brota á lögum um gjaldeyrismál og reglum settum á grundvelli þeirra, þ.m.t. rannsókn meintra brota gegn „gjaldeyrishöftunum“ svonefndu, frá lokum árs 2008 fram á mitt ár 2010, en Seðlabanki Íslands gegndi hlutverki eftirlitsaðila. Í lok júní 2010 voru gerðar breytingar á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál en með þeim breytingum var Seðlabanka Íslands fengið það rannsóknarhlutverk sem Fjármálaeftirlitið hafði áður gegnt til viðbótar við eftirlitshlutverk sitt.

Á þeim tíma sem Fjármálaeftirlitið gegndi hlutverki rannsóknaraðila voru fjölmargir einstaklingar og lögaðilar krafðir um ýmsar upplýsingar og gögn, aðilar voru teknir til skýrslugjafar, farið var í húsleit á grundvelli dómsúrskurðar og gerð var krafa um úrskurð um handlagningu afrita af tölvupóstum aðila hjá fjar-skiptafyrirtæki hér á landi. Fjármálaeftirlitið beitti flest öllum þeim rannsókn-arúrræðum sem það hafði yfir að ráða við rannsókn framangreindra mála.

Eftir að breytingar voru gerðar á lögum um gjalddeyrmál endursendi Fjármálaeftirlitið þau mál sem voru til meðferðar hjá stofnuninni ásamt gögn-um til Seðlabankans. Önnur mál höfðu áður verið kærð til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra.


### 3.3 Lífeyrismarkaður og verðbréfasjóðir

#### Lífeyrissjóðir

##### Þróun hreinnar eignar lífeyrissjóðanna


Hrein eign lífeyrissjóðanna í árslok 2009 var 1.774,7 ma.kr. samanborið við 1.597,9 ma.kr. í árslok 2008. Aukningin á milli ára var því 11,1% sem samsvarar um 2,2% raunaukningu miðað við vísitölu neysluverðs. Eignir lífeyrissjóðanna í árslok 2009 sem hlutfall af landsframleiðslu voru 118% samanborið við 108% í árslok 2008. Mynd 17 sýnir þróun hreinnar eignar lífeyrissjóðanna og hlutfalls hennar af landsframleiðslu á árunum 2002 til 2009.

**Mynd 17** | Þróun hreinnar eignar lífeyrissjóða



Iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðanna fóru hækkandi allt frá gildistöku lífeyrissjóðalaganna til ársins 2007 eins og sést á mynd 18 sem sýnir þróun iðgjalda- og lífeyrisgreiðslna frá árinu 1997. Iðgjaldagreiðslur hafa hinsvegar lækkað undanfarin 2 ár, úr tæplega 146 milljörðum króna árið 2007 í 107 milljarða árið 2009, eða um 26%. Útgreiddur lífeyrir var tæplega 76 milljarðar árið 2009 og hafa lífeyrisgreiðslur farið hækkandi um 16% að meðaltali á ári frá árinu 1997.


**Mynd 18** | Þróun iðgjalda- og lífeyrisgreiðslna árin 1997-2009



### Ávöxtun

Hrein raunávöxtun lífeyrissjóðanna hækkaði á milli ára og var 0,34% á árinu 2009 samanborið við -21,96% árið 2008. Hrein raunávöxtun lífeyrissjóðs er ávöxtun eigna leiðrétt fyrir vísitölu neysluverðs þegar kostnaður hefur verið dreginn frá fjárfestingartekjum. Þó ber að hafa í huga að lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar og því mikilvægt að líta til langtímaávöxtunar sjóðanna þegar árangur þeirra er metinn. Eins og sjá má á mynd 19, sem sýnir þróun raunávöxtunar lífeyrissjóðanna allt frá árinu 1991, er fimm og tíu ára meðalraunávöxtun sjóðanna ennþá jákvæð þrátt fyrir litla eða neikvæða ávöxtun síðustu 3 árin.


**Mynd 19** | Hrein raunávöxtun lífeyrissjóða árin 1991 til 2009





Eins og komið hefur fram var hrein raunávöxtun lífeyrissjóða á árinu 2009 um 0,34%. Til samanburðar var hæstaávöxtun samtryggingardeilda lífeyrissjóða 6,8% og lægstaávöxtun -12,8%. Jafnframt var hæstaávöxtun þeirra séreignardeilda sem störfuðu allt árið 2009 um 20% og lægstaávöxtun -13,8%. Á mynd 20 má sjá breytingu á milli árána 2008 og 2009 á hæstu og lægstu hreinni raunávöxtun samtrygginga- og séreignardeilda. Mikilvæg skýring á mismunandiávöxtun lífeyrissjóða innan tímabila er ólík eignasamsetning.


**Mynd 20** | Hæsta og lægsta hreina raunávöxtun samtryggingardeilda og séreignardeilda í árslok 2008 og 2009



### Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða án ábyrgðar versnaði á árinu 2009, þriðja árið í röð, eftir bata allt frá árinu 2003. Í árslok voru reknar 28 slíkar deildir í 26 sjóðum. Eins og sjá má á mynd 21 var tryggingafræðileg staða þriggja deilda í jafnvægi eða jákvæð árið 2009 líkt og árið áður. Voru því 25 deildir með neikvæða stöðu og þar af 16 deildir með meiri en 10% halla. Með tryggingafræðilegri stöðu er átt við heildarstöðu eigna umfram skuldbindingar, þ.e.a.s. bæði áfallið (áunnið) og vegna framtíðar. Lífeyrissjóðalögin kveða á um að lífeyrissjóði beri að breyta samþykktum á þann veg að jafnvægi náist á milli eigna og skuldbindinga sé mismunur meiri en 10% eða meiri en 5% samfelt 5 ár í röð. Með bráðabirgðaákvæði sem gilti fyrir árið 2008 og framlengt var fyrir árið 2009 var heimilaður 15% mismunur milli eigna og skuldbindinga.

**Mynd 21** | Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða án ábyrgðar annarra í árslok 2008 og 2009




Þegar tryggingafræðileg staða er metin byggjast útreikningar á sjóðfélögunum sem eru í sjóðnum á þeim tímapunkti. Áfallin staða er reiknuð út frá þeim réttindum sem sjóðfélagar hafa áunnið sér með greiðslum til sjóðsins og eignum sjóðsins þegar uppgjör fer fram. Framtíðarstaða byggist á ætluðum framtíðariðgjöldum sjóðfélaga og skuldbindingum vegna þeirra. Í þeim útreikningum er ekki gert ráð fyrir nýliðun í sjóðnum.

### Fjárfestingar


Í árslok 2009 var eignasamsetning samtryggingardeilda svipuð og árið áður. Hlutfall verðbréfa með breytilegar tekjur lækkaði hins vegar á kostnað hlutfalls verðbréfa með fastar tekjur hjá séreignardeildum. Hlutfallið lækkaði mikið annað árið í röð, nú úr 51% í 41%. Mynd 22 sýnir hvernig eignasamsetning lífeyrissjóðanna þróaðist milli árana 2008 og 2009. Hærra hlutfall verðbréfa með fastar tekjur hjá samtryggingardeildum endurspeglar áhættuminni fjárfestingastefnur samtryggingardeilda en séreignardeilda.

**Mynd 22** | Eignasamsetning samtryggingar- og séreignardeilda í árslok 2008 og 2009



Hlutfall gengisbundinna eigna af hreinni eign lífeyrissjóðanna hefur farið hækkandi allt frá gildistöku lífeyrissjóðalaganna eins og sést á mynd 23 sem sýnir þróun frá árinu 2000. Í árslok 2009 var hlutfallið um 30% og stóð nánast í stað frá fyrra ári. Frá haustinu 2008 hafa verið í gildi lög um gjaldeyrismál sem koma í veg fyrir auknar fjárfestingar lífeyrissjóða í gengisbundnum eignum. Gengishækkun erlendra verðbréfa og gjaldmiðla á árinu hefur þó gert það að verkum að hlutfallið helst nánast óbreytt. Samkvæmt lífeyrissjóðalögum má hlutfall gengisbundinna eigna af hreinni eign að hámarki vera 50%.

**Mynd 23** | Hlutfall gengisbundinna eigna af hreinni eign lífeyrissjóða



Hlutfall óskráðra verðbréfa af hreinni eign lífeyrissjóðanna lækkaði úr 8,6% í lok árs 2008 í 7,4% í lok árs 2009. Hlutfallið hafði farið hækkandi frá árinu 2005 eins og sjá má á mynd 24, en samkvæmt lögum má hlutfallið að hámarki vera 20%, en hlutfallið var 10% fram til 22. des. 2008. Ástæða þess að hlutfall óskráðra verðbréfa lækkar nú á milli ára má að einhverju leyti rekja til niðurfærslu óskráðra verðbréfa og áhættufælni í kjölfarið á bankahrununu í október 2008.

**Mynd 24** | Hlutfall óskráðra verðbréfa af hreinni eign lífeyrissjóða



### Réttindakerfi lífeyrissjóða


Fjármunir í sjóðum með aldurstengda réttindaávinnslu hafa aukist hægt og sigandi allt frá gildistöku lífeyrissjóðalaganna. Á árinu 2006 varð skörp breyting þegar fimm sjóðir skiptu út jafnri ávinnslu fyrir aldurstengda. Á árinu 2007 varð einnig breyting þegar einn sjóður skipti út blandaðri ávinnslu fyrir aldurstengda. Mynd 25 sýnir þróunina á árunum 2005-2009.

### Viðbótartryggingarvernd og séreignarsparnaður

Lífeyrissjóðum, bönkum, sparissjóðum, verðbréfafyrirtækjum og líftryggingafélögum er heimilt að veita viðtöku iðgjöldum til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarverndar umfram lögbundna lágmarkstryggingarvernd samkvæmt ákvæðum lífeyrissjóðalaga. Sparnaðurinn er séreignarsparnaður þar sem hann er séreign sem erfist að fullu við andlát rétthafa.


Með lögum nr. 171/2008 um breytingu á lögum nr. 129/1997, voru fjárfestingar vörsluaðila séreignarsparnaðar færðar undir eftirlit en fyrir þann tíma lutu einungis séreignardeildir lífeyrissjóðanna eftirliti. Lögin tóku gildi 1. janúar 2010 og kveða á um rýmri fjárfestingarheimildir fyrir þann hluta iðgjalda sem ráðstafað er til séreignarsparnaðar og viðbótartryggingarverndar.

**Mynd 25** | Réttindaávinnslukerfi lífeyrissjóða m.v. hreina eign




Í árslok 2009 var uppsafnaður séreignarsparnaður hjá lífeyrissjóðum og öðrum vörsluaðilum 288,4 ma.kr. samanborið við 255,5 ma.kr. í árslok 2008. Sparnaðurinn óx því um 12,9% á milli ára. Á mynd 26 má sjá hlutfallslega skiptingu séreignarsparnaðar á milli tegunda vörsluaðila í árslok 2000, 2008 og 2009. Eins og myndin sýnir er stærstur hluti séreignarsparnaðar enn í vörslu lífeyrissjóða sem störfuðu sem hreinir séreignarsjóðir fyrir gildistöku lífeyrissjóðalaganna þótt hlutur þeirra fari minnkandi á kostnað vörsluaðila annarra en lífeyrissjóða.

**Mynd 26** | Hlutfallsleg skipting séreignarsparnaðar milli tegunda vörsluaðila



Til að koma til móts við þá sem eiga í tímabundnum fjárhagserfiðleikum, í kjölfar versnandi efnahagsástands, samþykkti Alþingi sérstakt bráðabirgðaákvæði sem heimilar útgreiðslu sérseignarsparnaðar á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. apríl 2011. Margir hafa nýtt sér þessa fyrirgreiðslu og voru um 22 ma.kr. greiddir út á árinu 2009 í tengslum við ákvæðið. Heildar lífeyrisgreiðslur úr sérseignarsjóðum námu um 37,5 ma.kr. samanborið við einungis 5,2 ma.kr. árið 2008. Mynd 27 sýnir þróun á iðgjöldum og lífeyrisgreiðslum sérseignarsparnaðar á milli ára.

**Mynd 27** | Iðgjöld og lífeyrisgreiðslur sérseignarsparnaðar




Á mynd 28 má sjá þróun uppsafnaðs sérseignarsparnaðar árin 2005-2009 hjá vörsluaðilum öðrum en þeim lífeyrissjóðum sem störfuðu áður sem hreindir sérseignarsjóðir. Uppsafnaður sérseignarsparnaður hjá öðrum lífeyrissjóðum var 34 ma.kr. í árslok 2009 en sparnaður hjá vörsluaðilum öðrum en lífeyrissjóðum, þ.e. bönkum, verðbréfafyrirtækjum, sparissjóðum og líftryggingafélögum, var samtals 116 ma.kr. og skiptist á milli þeirra eins og myndin sýnir.

Sérseignarsparnaður í vörslu lífeyrissjóðanna nam 171,4 ma.kr. í árslok 2009 eða 9,7% af hreinni eign lífeyrissjóðanna. Hlutfallið var 9,9% í árslok 2008 og lækkar því hlutfallið í fyrsta sinn frá gildistöku lífeyrissjóðalaganna.

Sé sérseignarsparnaði hjá öðrum vörsluaðilum en lífeyrissjóðum í árslok 2009, að fjárhæð 117 ma.kr., bætt við hreina eign lífeyrissjóðanna sést að heildareignir lífeyriskerfisins voru 1891,4 ma.kr. í árslok 2009 eða 126% af vergri landsframleiðslu, samanborið við 114,8% árið 2008.

**Mynd 28** | Uppsafnaður sérseignarsparnaður (án lífeyrissjóða sem störfuðu sem hreindir sérseignarsjóðir fyrir gildistöku laga nr. 129/1997)



### Vettvangsathuganir (e.on-site) og aðrar athuganir ( e. off-site)

Á tímabilinu voru gerðar ýmsar athuganir á starfsemi og rekstri lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar. Farið var í fjórar vettvangsathuganir þar sem heildarathugun var gerð hjá lífeyrissjóði eða vörsluaðila séreignarsparnaðar. Í þessum athugunum voru fjárfestingar sjóðanna kannaðar m.a. með tilliti til flokkunar samkvæmt lögum og reglum, skoðað var innra skipulag, eftirlitskerfi, verkferlar, framkvæmd innheimtu o.fl. Þá var við aðrar athuganir óskað eftir gögnum frá öllum lífeyrissjóðum í tengslum við mat á hæfi stjórnarmanna lífeyrissjóða og einstakar tegundir fjárfestinga. Liður í eftirliti Fjármálaeftirlitsins var einnig að framkvæma margar smærri óreglubundnar athuganir þar sem kallað var eftir gögnum í tengslum við skoðun á reglubundnum eftirlitsskýrslum.

### Fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða

Í lífeyrissjóðalögum er að finna ítarleg ákvæði um fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða. Sjóðunum ber að móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Sjóðirnir þurfa því ekki síður að líta til áhættu samfara fjárfestingarkostum en væntinga um ávöxtun. Tegundir fjárfestinga sem sjóðunum eru heimil eru allar tilgreindar í lögum. Fjárfestingarnar eru allar helstu tegundir framseljanlegra verðbréfa, innlán og afleiður til varnar. Jafnframt eru sett takmörk varðandi einstakar tegundir fjárfestinga, einstaka útgefendur verðbréfa, erlend verðbréf og óskráð verðbréf sem almennt eru hlutfall af hreinni eign sjóðanna.

Fjárfestingaheimildir lífeyrissjóðalaganna fela í sér að gætt sé varkárni í fjárfestingum og að ávallt sé fyrir hendi skýr lagaheimild við ráðstöfun fjármuna sjóðanna. Löggjöfin var mótuð með hliðsjón af þeim ríku hagsmunum sem sjóðunum er ætlað að gæta sem er lögboðinn lífeyrissparnaður til lágmarksframbærslu eftir starfslok. Við ákvarðanatöku um fjárfestingar og fjárfestingaheimildir sjóðanna þarf að vera óvefengjanlegt að einvörðungu hagsmunir sjóðfélaganna séu hafðir að leiðarljósi. Ör þróun og vöxtur á fjármálamarkaði hefur í för með sér aukna samkeppni og sífellt fjölbreyttari fjárfestingakosti sem sjóðunum standa til boða. Framangreint hefur m.a. kallað á túlkanir af hálfu Fjármálaeftirlitsins á því hvort fjárfestingar sem lífeyrissjóðirnir hafa ráðist í eða hafa áhuga fyrir samræmist fjárfestingaheimildum lífeyrissjóðalaga.

Ítarleg löggjöf kallar á að eðlileg þróun hennar eigi sér stað með hliðsjón af gefinni reynslu og breyttum kringumstæðum. Frá gildistöku laganna hafa fjárfestingaheimildir sjóðanna verið rýmkaðar nokkrum sinnum með lagabreytingum. Heimildirnar voru síðast rýmkaðar í lok ársins 2008 til að koma til móts við breyttar aðstæður á fjármálamörkuðum þegar m.a. takmörkun til fjárfestinga í óskráðum verðbréfum var hækkuð úr 10% í 20% af hreinni eign. Einnig voru fjárfestingaheimildir séreignarsparnaðar lífeyrissjóðanna rýmkaðar þegar vörsluaðilar séreignarsparnaðar urðu eftirlitsskyldir og gilda sömu fjárfestingaheimildir fyrir allan séreignarsparnað. Nú er allur séreignarsparnaður lífeyrissjóðanna og vörsluaðila nefndur einu nafni, *vörsluaðilar séreignarsparnaðar* og hefur auknu jafnræði því verið komið á hjá þeim aðilum sem taka við séreignarsparnaði.

Rýmkaðar fjárfestingaheimildir kalla á aukna ábyrgð en í því felst m.a. ríkari krafa um traust innra skipulag, einkum er lýtur að innra eftirliti og áhættustýringu sem og fagmennsku og þekkingu sem lífeyrissjóðirnir þurfa að búa yfir. Þekking á fjárfestingarkostum og hæfni til að greina þá verður sífellt mikilvægari og hefur löggjafinn nú krafist þess að frá og með 1. janúar 2011 verði að minnsta kosti einn

starfsmaður lífeyrissjóðs að hafa lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Þá má nefna að kallað hefur verið eftir ríkari kröfum um hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálastofnana og þeirra sem fara með fjármuni almennings, þar á meðal lífeyrissjóðanna. Það hefur gerst í kjölfar mikilla breytinga á fjármálamarkaði síðastliðin ár. Stækkun lífeyrissjóðanna vegna sameininga og mikils vaxtar eigna sjóðanna mun gera fleiri sjóðum betur kleift að standa undir slíkum kröfum í framtíðinni.

## Rekstrarfélög verðbréfasjóða, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir

### Fjöldi rekstrarfélaga og verðbréfa- og fjárfestingarsjóða

Rekstrarfélög verðbréfasjóða undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins voru, í lok júní 2010, átta talsins samanborið við níu á sama tíma árið áður. Fjögur rekstrarfélaganna eru jafnframt með starfsleyfi til eignastýringar.

Í lok júní 2010 voru starfandi 22 verðbréfasjóðir eða sami fjöldi og á sama tíma árið 2009. Í lok júní 2010 höfðu verið staðfestir 15 fjárfestingarsjóðir samanborið við 14 á sama tíma árið 2009, samanber eftirfarandi yfirlit.

Fjöldi:	30.6.2009	30.6.2010
<b>Verðbréfasjóðir</b>	22	22
Þar af deildarskiptir	9	10
Sjóðsdeildir	29	31
<b>Fjárfestingarsjóðir</b>	14	15
Þar af deildarskiptir	4	4
Sjóðsdeildir	11	11

Á tímabilinu var 6 verðbréfasjóðum, 5 deildum verðbréfasjóða og 5 fjárfestingarsjóðum slitið. Í lok tímabilsins voru 3 verðbréfasjóðir, 2 deildir verðbréfasjóða, 8 fjárfestingarsjóðir og 3 deildir fjárfestingarsjóða í slitaferli.


Fjármálaeftirlitinu hafa borist tilkynningar frá 47 erlendum verðbréfasjóðum með 313 sjóðsdeildum vegna fyrirhugaðrar markaðssetningar á Íslandi. Á árinu hefur verið mikið um sameiningu deilda, sjóðum og sjóðsdeildum hefur verið slitið eða markaðssetningu hætt hér á landi. Listi yfir sjóðina er aðgengilegur á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

### Þróun eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða

Eignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, samkvæmt lögum nr. 30/2003 um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði jukust um 32% á milli árunna 2009 og 2010 en þann 30. júní 2010 námu þær 253 milljörðum króna samanborið við 191 milljarð króna á sama tíma árið áður. Lítur út fyrir að sú mikla lækkun sem varð árið áður, eða 72% milli árunna 2008 og 2009, sé að einhverju leyti að ganga til baka. Á mynd 29 má sjá þróun eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða á árunum 2006 - 2010. Eins og sést jukust eignir sjóðanna um 60% á árunum 2006-2008 áður en stór hluti eignanna tapaðist síðari hluta árs 2008 og í byrjun árs 2009 vegna falls bankanna í október 2008.

**Mynd 29** | Þróun eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða - m.v. mitt ár


ma.kr.




Á árunum 2006 - 2008 voru eignir fjárfestingarsjóða mun meiri en eignir verðbréfasjóða og má þá aðallega rekja þann stærðarmismun á þessum sjóðategundum til peningamarkaðssjóðanna, en eignir þeirra, um mitt ár 2008, námu um 400 milljörðum króna. Eftir fall bankanna virðast hlutdeildarskírteinishafar hafa beint fjárfestingum sínum frekar í verðbréfasjóði en fjárfestingarsjóði, en eins og sést á mynd 30 námu eignir verðbréfasjóða um mitt ár 2010 um 200 milljörðum króna, en eignir fjárfestingarsjóða voru rúmlega 30 milljarðar króna á sama tíma.

**Mynd 30** | Eignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða - m.v. mitt ár

m.kr.




**Mynd 31** | Eignarflokkar verðbréfa- og fjárfestingarsjóða - m.v. mitt ár





Líkt og undanfarin ár er stærstur hluti eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða bundinn í verðbréfum með föstum tekjum, eða um 81% um mitt ár 2010. Á mynd 31 má sjá eignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða á árunum 2006 - 2010.

**Mynd 32** | Eignasamsetning verðbréfa- og fjárfestingarsjóða - m.v. mitt ár



Á síðustu tveimur árum hefur eignasamsetning verðbréfa- og fjárfestingarsjóða breyst töluvert, en fjárfestingar í verðbréfum útgefnum af ríki og stofnunum með ríkisábyrgð hafa aukist úr 16% af heildareignum um mitt ár 2008 í 74% af heildareignum sjóðanna á sama tíma árið 2010. Þá hefur hlutfall annarra skuldabréfa, sem og hlutabréfa, lækkað töluvert á tímabilinu, eins og sést á mynd 32.

### Vettvangsathuganir (on-site) og aðrar athuganir (off-site)

Á árinu gerði Fjármálaeftirlitið ýmsar athuganir á starfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstri þeirra á verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum. Farið var í vettvangsathuganir (e. on-site) sem og óskað eftir gögnum frá rekstrarfélögunum (e. off-site). Lífeyris- og verðbréfasjóðasvið fór í þrjár vettvangsathuganir til rekstrarfélaga verðbréfasjóða á árinu, en meðal þess sem var skoðað voru áhættustýringarkerfi, aðgangsstýringar í tölvukerfum félaganna og hvort flokkun viðskiptavina í fagfjárfestingarsjóðum í rekstri félaganna hafi verið samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða. Þá gerði lífeyris- og verðbréfasjóðasvið ýmsar aðrar athuganir. Meðal þess sem var skoðað voru starfsreglur stjórna félaganna og útvistunarsamningar, en framangreindar athuganir eru liður í eftirliti Fjármálaeftirlitsins með óhæði rekstrarfélaganna.


## 3.4 Vátryggingamarkaður

### Flest vátryggingafélög rekin með hagnaði á árinu 2009

Rekstur skaðatryggingafélaga skiptist í vátryggingastarfsemi sem er kjarnastarfsemi félaganna auk fjárfestingastarfsemi sem hefur að markmiði að ávaxta eignir sem koma á móti vátryggingaskuldbindingum. Vátryggingastarfsemin skiptist í ýmsa greinaflokk, s.s. ökutækjetryggingar og eignatryggingar.


Hagnaður váttryggingafélaga af skaðatryggingastarfsemi nam 991 m.kr. sem er nokkur hækking frá síðasta ári. Hagnaðurinn er þó ekkert í líkingu við hagnað ársins 2007 sem sést á mynd 33 og stafaði af góðri ávöxtun váttryggingaskuldar. Á undanförunum árum hefur rekstur skaðatryggingafélaga einkennst af sveiflum. Mikilvægt er að váttryggingafélögin sýni stöðugleika og varfærni í rekstri.

**Mynd 33** | Hagnaður af helstu þáttum í starfi váttryggingafélaga á verðlagi ársins 2009



Eftir mikið tap nokkurra skaðatryggingafélaga á árinu 2008 var rekstur þeirra viðunandi á árinu 2009. Samanlögð rekstrarafkoma félaganna að undanskilinni Viðlagatryggingu var neikvæð um 669 m.kr. Tapið stafar af fjármálarekstri, líkt og á árinu 2008 en sá hluti starfseminnar var rekinn með 2,5 ma.kr. tapi á árinu 2009. Tapið má fyrst og fremst rekja til afskrifta óefnislegra eigna hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. að fjárhæð 6,7 ma.kr. sem valda taprekstri hjá félaginu á árinu. Önnur skaðatryggingafélög skiluðu hagnaði af starfsemi sinni á árinu 2009.

**Mynd 34** | Iðgjöld, hagnaður/tap og rekstrarkostnaður í líftryggingum 2007-2009, á verðlagi ársins 2009




### Öll líftryggingafélög rekin með hagnaði

Öll líftryggingafélögin sem eru 5 talsins voru rekin með hagnaði á árinu 2009. Samanlagður hagnaður þeirra var 1,7 ma.kr. og þar af var hagnaður af líftryggingarekstri 1,5 ma.kr. sem er svipuð afkoma og undanfarin ár.

Eignir líftryggingafélaganna hækkuðu um 10,1% á milli ára. Þær voru um 13,5 ma.kr. í árslok 2009, samanborið við 12,2 ma.kr. í árslok 2008. Eigið fé líftryggingafélaganna nam 5,3 ma.kr. og hækkaði á árinu um 20,9%.

**Mynd 35** | Skipting bókfærðra iðgjalda líftrygginga




Meginstarfsemi félaganna eru áhættulíftryggingar annars vegar og heilsutryggingar hins vegar. Vægi söfnunarlíftrygginga í starfsemi líftryggingafélaganna heldur áfram að minnka.

### Afkoma eftir greinum


Ökutækjatrýggingar er stærsti einstaki greinaflokkur váttrygginga hér á landi og hefur sá flokkur samanlagt verið rekinn með hagnaði á undanföllum árum. Mikil hækkun varð á árinu 2009 á iðgjöldum og tjónum í lögboðnum ökutækjatrýggingum þrátt fyrir vísbendingar um töluverða samkeppni í greininni. Hafa ber í huga að flest váttryggingafélög hækka iðgjöld í takt við almennar verðlagshækkunarir. Hagnaður í lögboðnum ökutækjatrýggingum lækkaði á árinu og má e.t.v. rekja þá þróun til harðnandi samkeppni.

**Mynd 36** | Iðgjöld, tjón og hagnaður/tap í lögboðnum og frjálsum ökutækjatrýggingum 2007-2009 á verðlagi ársins 2009




Í frjálsum ökutækjatrýggingum sem einkum eru kaskótryggingar og bílrúðutryggingar hefur verið tap á undanföllum árum sem rekja má til þess að verðlagning áhættunnar, sem fram kemur í iðgjöldum, fylgdi ekki auknu verðmæti bílaflotans. Hagnaður síðasta árs bendir til að félögunum hafi tekist að snúa þeirri þróun við.

**Mynd 37** | Fjöldi slysatjóna í ökutækjatrýggingum og meðalkostnaður á hvert slys 2007 - 2009



Ef horft er á fjölda slysatjóna í ökutækjatrýggingum á mynd 36 má sjá að hann jókst verulega á síðasta ári, eða um tæp 500 tjón. Má segja að þessi aukni fjöldi skýri aukinn tjónakostnað. Hins vegar varð þó nokkur lækkun á meðalkostnaði á hvert slys.

**Mynd 38** | Iðgjöld, tjón og hagnaður/tap í eignatrýggingum 2007-2009, á verðlagi ársins 2009




Mikill bati varð í afkomu eignatrýgginga á árinu 2009, en hækkun varð á iðgjöldum, tjónum og rekstrarkostnaði. Iðgjaldamagn jókst um 49% á milli ára en iðgjaldamagn ræðst af töxtum félaganna, fjölda samninga og verðmæti þess sem tryggt er.

Undanfarin tvö ár hafa ábyrgðartryggingar verið reknar með tapi. Gera má ráð fyrir að tjónakostnaður í greininni hafi þungst af völdum efnahagshrunsins sem hefur í för með sér aukinn tjónþunga. Iðgjöld í greininni hækkuðu um tæp 33% umfram almennar verðlagshækkunarir.

Afkomu í slysa- og sjúkratrýggingum batnaði eftir tap á undanförunum árum. Þar hafa slysatryggingar sjómanna reynst félögunum þungar í skauti en í ljós hefur komið að iðgjöld í greininni voru vanmetin í upphafi. Iðgjöld almennt í slysa- og sjúkratrýggingum jukust um tæp 32%.

**Mynd 39** | Iðgjöld, tjón og hagnaður/tap í ábyrgðar-, slysa- og sjúkratryggingum 2007-2009 á verðlagi ársins 2009




### Fjárhagsstaða váttryggingafélaga

Almennt batnaði fjárhagsstaða váttryggingafélaga á árinu 2009. Sjóvá Almennar tryggingar hf. hættu starfsemi í tengslum við mikla fjárhagserfiðleika sem félagið lenti í og í framhaldi af því var stofn þess fluttur í nýtt félag sem ber sama nafn. Nýir eigendur lögðu til 15 ma.kr. hlutfjárframlag með ábyrgð ríkisins að hluta. Á árinu 2009 lögðu nýir eigendur Varðar trygginga hf. félaginu til nýtt hlutfé.

Eitt váttryggingafélag starfar nú skv. áætlun um endurreisn fjárhags vegna ófullnægjandi gjaldþols en það er Vörður líftryggingar hf.

**Mynd 40** | Hlutfall nokkurra eignarliða af eignum váttryggingafélaga alls árin 2007-2009



Nokkrar breytingar hafa orðið á eignasamsetningu váttryggingafélaga á undanförunum árum. Á árinu 2008 dró úr hlutabréfaeign félaganna en hún jókst lítillega á árinu 2009. Hluttur skuldabréfa í eignum félaganna hefur meira en tvöfaldast. Hluttur veðlána, sem einkum eru bílalan, fer lækkandi á hverju ári.


### Váttryggingaskuld og eignir til jöfnunar hennar

Samkvæmt reglugerð um eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar nr. 646/1995 eru ákveðin mörk á hverjum eignaflokki sem váttryggingafélögin mega nota til jöfnunar váttryggingaskuldar. Það má ennfremur líta á þessa reglugerð sem leiðbeinandi

fyrir fjárfestingar váttryggingafélaganna með eignir umfram váttryggingaskuld þar sem eignir skulu geta mætt váttryggingaskuld á hverjum tíma. Á árinu 2007 áttu váttryggingafélög stóran hluta eigna sinna í skráðum verðbréfum og gáfu upp meira en leyfileg 40% til jöfnunar váttryggingaskuld. Eignir umfram þessar heimildir voru því jafnframt umfram váttryggingaskuld og því ekki óheimil fjárfesting í skilningi áður nefndrar reglugerðar.


Meira en helmingi af váttryggingaskuldinni, eða 54,4%, var í lok júní sl. mætt með verðbréfum með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga, þar sem stærsti hlutinn eða 53,3% eru bréf með ríkisábyrgð. Einnig hefur vægi liðarins „verðbréf og kröfur án sérstakrar tryggingar“ aukist frá síðustu áramótum en nokkur félög hafa tímabundna undanþágu til að fjárfesta umfram heimildir reglugerðar í þessum lið. Hér falla meðal annars undir kröfur á váttryggingartaka en vægi þeirra hefur aukist með aukinni greiðsludreifingu á iðgjöldum. Á sama tíma hefur vægi annarra liða, þ.á m. innstæðna farið minnkandi.

**Mynd 41** | Hlutföll eigna til jöfnunar váttryggingaskuldar 2007-2010



Langstærsti hluti váttryggingaskuldarinnar er tjónaskuldin sem svarar til orðinna óuppgerðra tjóna í skaðatryggingum. Tjónaskuldin lækkaði um 3 ma.kr. á árinu 2009. Bótaskuldin gegnir sambærilegu hlutverki í líftryggingum. Iðgjaldaskuld svarar til skuldbindinga vegna óorðinna tjóna. Vegna sterkari eiginfjárstöðu vá-

**Mynd 42** | Helstu liðir váttryggingaskuldar 2007-2009 á verðlagi ársins 2009



tryggingafélaga var hlutfall váttryggingaskuldar af eigin fé nær því sem þekktist fyrir árið 2008.

### **Staða virkra eigna íslenskra váttryggingafélaga**

Frá bankahruni hefur vandi íslenskra fjárfestinga- og eignarhaldsfélaga skapað óvissu um hæfi þeirra sem virkra eigna váttryggingafélaga.

Stoðir hf. (áður FL Group) er eigandi Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og dótturfélaga. Í kjölfar nauðasamninga Stoða hf. eru Stoðir nú í eigu kröfuhafa. Helstu kröfuhafar eru Glitnir og Landsbankinn (NBI hf.) ásamt erlendum bönkum og er Tryggingamiðstöðin hf. nú í óbeinni eigu íslenskra fjármálafyrirtækja.

Váttryggingafélag Íslands hf. og Líftryggingafélag Íslands eru dótturfélög Exista hf. Nauðasamningar Exista voru samþykktir 8. september sl. Kröfuhafar eignast því félagið að fullu og gert er ráð fyrir að það verði rekið áfram en í breyttri mynd. Nauðasamningarnir hafa ekki haft áhrif á starfsemi umræddra váttryggingafélaga.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. tók til starfa 1. október 2009. Félagið er stofnað á grunni eldra félags sem bar sama nafn og var váttryggingastofn eldra félagsins fluttur til hins nýja. Stofnendur félagsins voru Íslandsbanki hf., Glitnir banki hf. og SAT eignarhaldsfélag hf. sem er að fullu í eigu Glitnis banka hf. Eftir stofnun Sjóvár-Almennra trygginga hf. framseldi Glitnir banki hf. hlut sinn til dótturfélagsins, SAT eignarhaldsfélags.

Í maí sl. eignaðist Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf., dótturfélag Seðlabanka Íslands, 73,03% hlut í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Var það nær allur hlutur SAT eignarhaldsfélags hf. sem skipti um eigendur. Eins og stendur eru því virkir eigendur Sjóvár-Almennra trygginga hf. þrjár talsins: Eignasafn Seðlabanka Íslands með 73,03% SAT eignarhaldsfélag hf. með 17,67% hlut og Íslandsbanki hf. með 9,3% hlutafjár. Þetta kann þó að breytast því Sjóvá hefur verið í sölufæri frá upphafi ársins.

Vörður tryggingar hf. var í óbeinni eigu Landsbankans, Byrs og SP fjármögnunar og breyttist eignarhald félagsins ekki í kjölfar bankahrunsins. Í nóvember 2009 keypti Færeyjabanki meirihluta hlutafjár Varðar trygginga, eða 51% af heildarhlutafé félagsins. Við sama tækifæri keypti Færeyjabanki einnig 21% af hlutafé Varðar líftrygginga hf. sem er hlutdeildarfélag Varðar trygginga hf. Nýir eigendur Varðar trygginga hf. juku hlutafé félagsins og við það batnaði eiginfjárstaða félagsins til muna og félagið uppfyllir nú allar kröfur laga um gjaldþol.

### **Starfsemi íslenskra váttryggingafélaga erlendis**

Innlend váttryggingafélög og eigendur þeirra eiga nú engin erlend váttryggingafélög eins og þekktist á árunum 2005-2009.

European Risk Insurance Company (ERIC) hefur frá upphafi starfað í ábyrgðartryggingum á breskum markaði þó að starfsleyfi félagsins sé íslenskt. Tekið er á móti iðgjöldum á grundvelli veittrar þjónustu félaga erlendis. Árið 2009 fékk félagið heimild til að veita þjónustu á Írlandi.


Önnur skaðatryggingafélög eru einnig með starfsemi erlendis á grundvelli veittrar þjónustu. Þar má m.a. nefna aukna starfsemi í Færeyjum á grundvelli Hoyvíkursamningsins á milli þjóðanna. Sú starfsemi er þó lítil hluti váttryggingastarfsemi félaganna.

### **Váttryggingamiðlun**

Innlendir aðilar með starfsleyfi á sviði váttryggingamiðlunar eru sex. Af þessum sex starfsleyfum er einn váttryggingamiðlari sem miðlar ekki nýjum váttryggingum



**Mynd 43** Starfsemi íslenskra váttryggingafélaga í frumtryggingum erlendis 2007-2009



heldur nýtir hann starfsleyfi sitt til að halda utan um fyrirliggjandi váttryggingastofn.

Íslenskir váttryggingamiðlarar og váttryggingaumboðsmenn hafa enn sem komið er ekki óskað eftir því að veita þjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu. Fjöldi erlendra váttryggingamiðlara og váttryggingaumboðsmanna með aðalstöðvar á Evrópska efnahagssvæðinu hefur heimild til að starfa hér á landi.

Umboðslaun vegna miðlunar váttrygginga jukust á liðnu ári sé borið saman við árið 2008. Á liðnu ári voru umboðslaun um 454 m.kr. og höfðu þá aukist um nær 50 m.kr. á milli ára. Vegna aukins kostnaðar hefur rekstur váttryggingamiðlana verið erfiðari en undanfarin ár þrátt fyrir aukin umboðslaun. Heildarniðurstaða rekstrar þeirra í árslok 2009 sýnir að starfsemi var rekin með 18 m.kr. tapi á sl. ári samanborið við 50 m.kr. hagnað í árslok 2008.


### Starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi

Á árinu 2008 höfðu erlend líftryggingafélög tæplega 50% markaðshlutdeild á líftryggingamarkaði hér á landi. Stór hluti þeirra iðgjalda kemur frá váttryggingamiðlunum en einnig rekur þýska líftryggingafélagið Allianz útibú hér á landi.

Markaðshlutdeild erlendra váttryggingafélaga í skaðatryggingum er mun lægri en í líftryggingum og er einkum á sviði fyrirtækjatrygginga, þar sem erlend váttryggingafélög geta veitt þjónustu á sviðum sem þau innlendu hafa ekki sérhæft sig í.

Hlutdeild erlendra félaga í skaðatryggingum hefur farið minnkandi á undanförunum árum.

**Mynd 44** Bókfærð iðgjöld á líftryggingamarkaði 2006-2008




## Vettvangsathuganir (on-site) og aðrar athuganir

### Vátryggingafélög og vátryggingamiðlanir

Eins og áður segir var stofn Sjóvár Almennra trygginga hf. fluttur í nýtt félag með sama nafni. Við flutninginn urðu allir vátryggingarsamningar lausir sem hafði áhrif á samkeppni. Vátryggingafélög sökuðu hvert annað um undirboð m.a. í ökutækjatrýggingum og vegna útboða hjá fyrirtækjum og sveitarfélögum. Í kjölfar þeirra kvartana athugaði Fjármálaeftirlitið verklag við ákvörðun iðgjalda og viðskiptahætti hjá fjórum skaðatryggingafélögum. Niðurstöður þeirrar athugunar hafa verið birtar á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

**Mynd 45** | Bókfærð iðgjöld á skaðatryggingamarkaði 2006-2008



Farið var í eftirlitsheimsókn til eins líftryggingafélags þar sem farið var yfir almenna þætti í starfsemi félagsins.

Farið var í eftirlitsheimsókn til tveggja vátryggingamiðlana. Þar var farið yfir alla helstu þætti í starfsemi þeirra s.s. fjárhagslega stöðu, rekstur og framkvæmd upplýsingaskyldu samkvæmt lögum um miðlun vátrygginga nr. 32/2005 o.fl.

Fjármálaeftirlitið tók ýmsa þætti vátryggingastarfseminnar til sérstakrar athugunar. Þannig má nefna að gerð var athugun hjá líftryggingafélögum og vátryggingamiðlurum á meðhöndlun þeirra á óuppgerðum líftryggingarsamningum. Beindist athugunin m.a. að því hvernig rétthöfum eða erfingjum er tilkynnt um hugsanlegt tilkall til líftryggingarinnar.

Í kjölfar gildistöku nýrra laga um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010 voru aðilum vátryggingamarkaðarins kynnt helstu nýmæli og upplýsinga aflað um það með hvaða hætti nýju lög og áhrif þeirra á starfsemi viðkomandi félags væru kynnt starfsmönnum.

Loks má nefna að tekin voru til skoðunar ábyrgðartakmörkunarákvæði í ábyrgðartryggingum vegna atvinnurekstrars um muni í vörslu vátryggðs. Fjármálaeftirlitið taldi ekki þörf á sérstökum athugasemdum við skilmála nefndra ábyrgðartrygginga en taldi að slík ábyrgðartakmörkun væri veruleg og því bæri að kynna vátryggðum hana sérstaklega.





## 4 Eftirlit / Horft til framtíðar

### 4.1 Efling upplýsingatækni

Undanfarin misseri hafa upplýsingatæknimál Fjármálaeftirlitsins verið til gagn Gerrar endurskoðunar og miklar breytingar orðið í stefnu, skipulagi og stjórnun varðandi upplýsingatæknimál.

Á haustmánuðum 2009 tók gildi nýtt skipurit hjá Fjármálaeftirlitinu þar sem upplýsingatæknisvið var gert að sjálfstæðu sviði og áhersla lögð á að stjórnun þess væri efl. Efling upplýsingatæknisviðsins er í samræmi við ábendingar í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis en þar segir meðal annars:

„Brýnt er að vandamál tengd upplýsingatækni hjá stofnuninni verði leyst sem fyrst þar sem skilvirkni og árangur í starfsemi stofnunarinnar byggist að töluverðu leyti á þeirri upplýsingatækni sem stofnunin hefur yfir að ráða.“ (RNA, bindi 5, kafla 16.8.4, bls. 152).

Á árinu 2010 hefur verið unnið að uppbyggingu upplýsingatæknisviðsins og hefur starfsmönnum þess fjölgað úr fimm í sjö. Áhersla er á uppbyggingu á vöruhúsi gagna, skjalastjórnun og innra skipulag sviðsins til að auka skilvirkni upplýsingatæknimála.

Sviðinu hefur verið skipt í tvo hluta, annars vegar þjónustuborð og rekstur upplýsingatæknikerfa og hins vegar hugbúnaðarþróun (uppbygging gagnagrunna). Þá hefur verið unnið að því að efla verkefnastjórnun.

Í vöruhús gagna verður safnað eftirlitsgögnum úr skýrslu- og gagnaskilum eftirlitsskyldra aðila, ásamt ýmsum gagnaveitum og gagnlegum upplýsingum. Gögnin verða þar tengd saman til að auka yfirsýn og eftirlit á fjármálamarkaði. Stuðst er við aðferðafræði sem kennd er við viðskiptagreind (e. Business Intelligence).

Framundan er ýtarleg greining á skjalamálum Fjármálaeftirlitsins, bæði á rafrænu- og pappírformi, en þar liggja tækifæri í að bæta núverandi ferla og kerfi.

Áætlað er að starfsmenn upplýsingatæknisviðs verði orðnir níu fyrir lok árs 2010, samanborið við fimm starfsmenn á miðju ári 2009, og fjölgi upp í ellefu árið 2011. Áherslan verður áfram á uppbyggingu vöruhúss gagna og viðskiptagreind. Einnig verður lögð aukin áhersla á að tryggja gæði gagna frá eftirlitsskyldum aðilum og rafræn skil þeirra á gögnum til Fjármálaeftirlitsins.

### 4.2 Réttarreikningsskil

#### **Dverfagleg nálgun við eftirlit**

Réttarreikningsskilasvið er nýtt svið hjá Fjármálaeftirlitinu sem hóf starfsemi sína í apríl 2010. Tilgangur sviðsins er þverfagleg nálgun á fjármálamarkaði hvað varðar eftirlit og fyrirbyggjandi aðgerðir og úttektir. Réttarreikningsskilasvið er því ekki

byggt á kjarnastarfsemi fjármálafyrirtækja eins og önnur kjarnasvið eftirlitsins. Ávinningur af þessari tilhögun er sá að hægt er að færa eftirlitsþekkingu á milli fagsviða og með því nýta þá þekkingu sem til staðar er. Sviðið mun vinna í nánu samstarfi við önnur eftirlitssvið en hefur samt sem áður sjálfstæðar heimildir til aðgerða, til dæmis til að gera úttektir að eigin frumkvæði.

Markmið réttarreikningsskilasviðs er að vinna bæði með fyrirbyggjandi eftirlit sem og eftirlit þar sem farið er yfir þegar orðna atburði. Við eftirlitið verða notaðar nýjustu rannsóknaraðferðir, sem byggðar eru á bæði dýpri og ítarlegri aðferðafræði en þeirri sem notuð hefur verið. Starfsmenn sviðsins munu fara í sértækar úttektir, svokallaðar þemaskoðanir, þar sem lögð verður áhersla á tíðni heimsóknna. Úttektir geta verið í ýmsu formi svo sem skýrsluformi, viðtölum, úttektum eða skoðun á stöðu eftirlits í skipulagi. Réttarreikningsskilasvið mun aðstoða önnur svið við úttektir, rannsóknir og greiningu og stefnt er að því að einn þáttur starfseminnar muni verða þverfagleg ráðgjöf og fræðsla við önnur svið innan Fjármálaeftirlitsins. Þýðingarmikið verður fyrir starfsemi sviðsins að vera í nánu og mjög góðu samstarfi við systurstofnanir í Evrópu til þess að geta meðal annars ávallt tileinkað sér nýjustu aðferðir við eftirlit.

Réttarreikningsskilasvið er svið sem er í mótun samhliða því að endurskipulagning á sér stað á mörgum þáttum Fjármálaeftirlitsins. Það að geta brugðist hratt og vel við ákveðnum aðstæðum, til dæmis hvað varðar úrvinnslu athugana og úttekta, mun verða eitt af áhersluatriðum sviðsins. Verkefni þess geta orðið margvísleg og óreglubundin, en takmarkast enn sem komið er af því að starfsmenn eru fáir. Unnið er að því að efla starfsemina bæði hvað varðar starfsfólk og sérþekkingu þess á fjármálamarkaði. Starfsmenn sviðsins eru þrír en gert er ráð fyrir að fjölga þeim um þrjá á árinu 2011.

Eitt af markmiðum réttarreikningsskilasviðs er að efla traust á fjármálamarkaði og er það meðal annars gert með því að varðveita og efla sérhæfða þekkingu innan Fjármálaeftirlitsins.

## 4.3 Breytt verklag við mat á hæfi stjórnarmanna

### Ráðgjafarnefnd um hæfi stjórnarmanna

Í janúar 2010 setti Fjármálaeftirlitið á stofn þriggja manna ráðgjafarnefnd um mat á hæfi stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, váttryggingafélaga, váttryggingamiðlana og lífeyrissjóða og starfar hún í samræmi við eftirlitsskyldu Fjármálaeftirlitsins skv. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfssemi. Ráðgjafarnefndin er skipuð sérfróðum aðilum en þeir eru: Jón Sigurðsson, rekstrarhagfræðingur sem er formaður, Einar Guðbjartsson, dósent hjá viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, og Rúnar Guðmundsson, sviðsstjóri hjá Fjármálaeftirlitinu.

Tilgangurinn með ráðgjafarnefndinni er að stuðla að bættu og hertu eftirliti með því að hæfisskilyrði um stjórnarmenn eftirlitsskyldra aðila séu uppfyllt og ekki síður til að tryggja að stjórnarmenn séu vel meðvitaðir um hvaða þekkingar er krafist og hvað felst í ábyrgð sem fylgir stjórnarstörfum. Nefndin veitir umsögn um hæfi viðkomandi stjórnarmanns sem höfð er til hliðsjónar við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um hæfið.

Fjármálaeftirlitið ákveður að teknu tilliti til umfangs á starfsemi viðkomandi eftirlitsskylds aðila, þ.á m. starfsleyfis, reksturs og markaðshlutdeildar, hvort óskað er eftir umsögn ráðgjafarnefndarinnar. Þegar umsagnar er krafist eru stjórnarmenn kallaðir

til fundar við ráðgjafarnefndina til viðtals. Við mat sitt er ráðgjafarnefndinni gert að kanna þekkingu, skilning og viðhorf stjórnarmanna varðandi helstu efni sem tengjast verksviði þeirra í ítarlegu viðtali og byggja umsögn sína m.a. á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Helstu efnisatriðin sem að mynda ramma viðtalsins eru:

- Þekking stjórnarmanns á starfsemi fjármálafyrirtækja almennt og starfsemi þess fjármálafyrirtækis sem í hlut á sérstaklega.
- Reikningsskil og endurskoðun á fjármálamarkaði.
- Hlutverk, ábyrgð og helstu verkefni stjórnar og einstakra stjórnarmanna í fjármálafyrirtæki.
- Sjálfstæði, dómgreind og viðhorf.

Ráðgjafarnefndin tók formlega til starfa 29. janúar 2010 og hafði haldið 49 fundi 1. október. Hæfi 29 stjórnarmanna fjármálafyrirtækja og eignarhaldsfyrirtækja hefur verið metið og reyndist niðurstaðan fullnægjandi hjá 21 þeirra. Stjórnarmönnum sem ekki standast hæfismat gefst kostur á að koma í endurtekið mat. Þrír hafa gert það og staðist matið.

Nánari upplýsingar um verklag við hæfismat, starfsreglur nefndarinnar og dæmi um viðtalsþætti eru birtar á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

#### 4.4 Áhersla á áhættugreiningu/áhættustýringu eftirlitsskyldra aðila

Hin alþjóðlega fjármálakreppa leiddi í ljós að áhættustýringu var víða ábótavant. Í skýrslu sem kennd er við de Larosière er fjallað um þátt áhættustýringar í fjármálakreppunni. Þar segir m.a. í kafla um orsakavalda fjármálakreppunnar að grundvallarmistök hafi verið gerð við mat á áhættu. Að flækjustig skuldavafninga (e. structured financial products) hafi verið of mikið, að álagspróf hafi oft verið byggð á of veikum eða jafnvel röngum forsendum, að lítil þekking hafi verið á umfangi og dreifingu útlánaáhættu og lausafjárahætta hafi verið vanmetin.

Sviptingar á fjármálamörkuðum undanfarið hafa leitt til nauðsynlegra breytinga á lögum um fjármálamarkaði sem stuðla að takmörkunum á áhættutöku eftirlitsskyldra aðila. Ný lög um fjármálafyrirtæki og váttryggingastarfsemi tóku gildi um mitt ár 2010, en markmið með lögnum er að bæta innlent regluverk á sviði fjármálamarkaðar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að fjármálaáfallið á haustdögum 2008 endurtaki sig með sambærilegum hætti. Breytingar á lögnum fólust m.a. í því að banna lánveitingar með veði í eigin hlutabréfum eða stofnbrefum fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga ásamt því að þrengd voru og skilgreind nánar skilyrði fyrirtækjanna til þess að mega eiga eigin hluti. Einnig voru þröngar skordur settar við lánveitingum til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna og auknar kröfur gerðar til stjórnarmanna, ábyrgð þeirra á eftirliti með rekstri aukin og bann sett við starfandi stjórnarformönnum. Jafnframt var Fjármálaeftirlitinu veitt aukið hlutverk við eftirlit með starfi stjórna. Ábyrgð og hlutverk innri eftirlitsdeildar og áhættustýringar voru aukin og þrengdar voru reglur um stórar áhættuskuldbindingar.

Kröfur laganna til áhættustýringar váttryggingafélaga munu enn aukast á næstu árum með tilskipun nr. 2009/138 um stofnun og starfrækslu váttryggingafélaga



(Solvency II tilskipunin), þar sem kveðið er á um ítarlegar kröfur til áhættustýringar. Tilskipunin mun taka gildi 1. janúar 2013.

Þá var bankahrunið mikið áfall fyrir lífeyrissjóðina og var neikvæð raunávöxtun um 21% árið 2008. Gera má ráð fyrir að tap vegna stöðu sjóðanna í íslenskum fjármálastofnunum geti numið allt að 300 ma. kr., en endanlegt uppgjör verður

ekki ljóst fyrr en eftir nokkur ár. Eignir lífeyrissjóðanna nema nú um 130% af VLF sem er með því hæsta í heiminum og eru sjóðirnir þar af leiðandi mjög mikilvægur þátttakandi á íslenskum fjármála-markaði. Af eðlilegum ástæðum áttu þeir erfitt með að verjast áfalli við hrunið þar sem hlutabréfa- og skuldabréfamarkaður íslenskra fyrirtækja nánast þurrkaðist út. Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir urðu, líkt og lífeyrissjóðir, fyrir miklu áfalli við fall bankanna og lækkuðu eignir þeirra um 72% á milli árána 2008 og 2009.

Með lögum nr. 171/2008 urðu mikilvægar breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Fjárfestingaheimildir séreignarsparnaðar á

vegum lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila voru samræmdar með tilkomu nýrrar lagagreinar 36 gr. a., er tók gildi 1. janúar 2010. Áður höfðu vörsluaðilar aðrir en lífeyrissjóðir haft mjög víðtækar heimildir til fjárfestinga og áhættutaka var mjög mikil. Einnig urðu breytingar sem fólu í sér takmarkanir á fjárfestingum samtrygginga- og séreignasjóða í sjóðum innan sama rekstrarfélags.

### Lánamarkaður

Einn af þeim lærdómum sem dreginn hefur verið af alþjóðlegu fjármálakreppunni er að brögð voru að því að niðurstöður áhættustýringar höfðu ekki tilætluð áhrif á stjórnun fyrirtækja. Þessu er þátttaka stjórnar í innra mati fjármálafyrirtækja á eiginfjárförf ætlað að breyta. Með matinu er mikil áhersla lögð á að skerpa á sambandi milli viðskiptaáætlunar og eiginfjárfarfar þar sem að viðskiptaáætlun stjórnar hefur áhrif á mat á áhættu og þar af leiðandi á eiginfjárförf. Jafnframt ætti mat á áhættuþáttum að hafa áhrif á stjórnun.

Umrætt samband ákvörðunartöku og áhættustýringar er kjölfestan í stoð II Basel II staðalsins, sem er einn af hornsteinum nýrra aðferða í eftirliti með fjármálafyrirtækjum. Samkvæmt aðferðinni þurfa fyrirtæki að skila inn skýrslu um innra mat fjármálafyrirtækja á eiginfjárförf, svokallaðri ICAAP skýrslu. Fjármálaeftirlitið fer yfir og metur ICAAP skýrsluna og í kjölfarið leggur eftirlitið til mat á eiginfjárförf fjármálafyrirtækja út frá þeim áhættuþáttum sem fyrirtækið stendur frammi fyrir. Yfirferð á skýrslunni getur kallað á nokkur samskipti við fjármálastofnanir, því ef þörf krefur gæti Fjármálaeftirlitið þurft að kalla eftir nýjum upplýsingum eða nýjum álagsprófum við mat á skýrslunni.

Ein helsta breyting fylgjandi innleiðingu á stoð II er að nú metur Fjármálaeftirlitið áhættu hvers fyrirtækis fyrir sig og reiðir sig því ekki aðeins á almenn viðmið sem gætu átt misjafnlega vel við. Það er sannfæring Fjármálaeftirlitsins að nýjar aðferðir muni styrkja eftirlit og bæta stjórnun og áhættustýringu fjármálafyrirtækja. Í sérstakri rammagrein er nánari lýsing á eftirliti með innra mati fjármálafyrirtækja á eiginfjárförf.



**Vorið 2009 var farið í svokallað endurreisnarverkefni þar sem unnið var meðal annars að því að fylgja eftir veikleikum í áhættustýringu bankanna þriggja.**

Á vordögum 2009 var farið í svokallað endurreisnarverkefni (e. sign-off) þar sem m.a. var unnið að því að fylgja eftir veikleikum í áhættustýringu bankanna Þriggja, Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og NBI hf. Dæmi um þá þætti sem eru til skoðunar eru þátttaka stjórnar í ákvarðanatöku, áhættuvilji (e. risk appetite), meðferð stórra áhættuskuldbindinga og endurskipulagning lánasafns.

Fjármálaeftirlitinu er skylt að setja ýmsar reglur á grundvelli nýrra laga um fjármálafyrirtæki. Til dæmis skulu settar reglur um hvernig lán sem tryggð eru með veði í eignarhlutum í öðrum fjármálafyrirtækjum koma til útreiknings á áhættu- og eiginfjárgrunni, reglur um viðskipti starfsmanna fjármálafyrirtækja og síðast en ekki síst hvernig standa megi að hvatakerfum, kaupaukakerfum og starfslokasamningum starfsmanna fjármálafyrirtækja. Að þessu viðbættu er Fjármálaeftirlitinu veitt heimild með lögunum til þess að setja reglur um framkvæmd áhættustýringar, stöðu þeirra sem framkvæma áhættustýringu í skipuriti fjármálafyrirtækja og um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækja og fjármálasamsteypa.

Að mati Fjármálaeftirlitsins stafar íslenskum fjármálafyrirtækjum einna mest ógn af útlána- og lausafjáráhættu og er því mjög mikilvægt að eftirlit með þeim þáttum verði styrkt til muna á næstu misserum. Lánasvið mun því leggja auknar áherslur á stýringu þessara áhættuþátta fjármálafyrirtækja með útgáfu leiðbeinandi tilmæla um lausafjárstýringu og stórar áhættuskuldbindingar sem brátt munu líta dagsins ljós og auknu eftirliti á vettvangi (e. on-site) o.fl.

### **Lífeyris- og verðbréfasjóðamarkaðir**

#### *Rekstrarfélög verðbréfasjóða, verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir*

Rekstrarfélögum verðbréfasjóða ber, líkt og öðrum fjármálafyrirtækjum, að búa yfir tryggu eftirlitskerfi til að fylgjast með áhættu í tengslum við starfsemi sína, sbr. 17. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Auk þess þurfa rekstrarfélög að búa yfir eftirlitskerfi sem gerir þeim kleift að vakta, meta og stýra áhættu einstakra eigna og eignasafna þeirra verðbréfa- og fjárfestingarsjóða sem í rekstri þeirra eru, sbr. 33. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði. Þá hefur Fjármálaeftirlitið sett leiðbeinandi tilmæli um afleiðunotkun verðbréfasjóða.

Í kjölfar bankahrunsins og útgáfu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, endurskoðaði lífeyris- og verðbréfasjóðasvið það eftirlit sem hefur verið með áhættustýringarkerfum rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Fjármálaeftirlitið kannaði hvernig áhættustýringu var háttað hjá rekstrarfélögum verðbréfasjóða og kom í ljós að haldið var utan um áhættu og áhættustýringu á mjög misjafnan hátt eftir rekstrarfélögum. Í framhaldi af þessari endurskoðun hefur lífeyris- og verðbréfasjóðasvið hafið vinnu við gerð nýrra leiðbeinandi tilmæla um áhættustýringu einstakra eigna og eignasafna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða. Í nýjum tilmælum verður m.a. kveðið á um þær lágmarksaðferðir og viðmið sem rekstrarfélög skulu notast við vegna markaðsáhættu verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í rekstri þeirra. Áætlað er að tilmælin verði gefin út ekki seinna en í árslok 2010.

#### *Lífeyrissjóðir*

Áleitnar spurningar vöknudu í kjölfar bankahrunsins um það hvernig áhættustýringu væri háttað meðal lífeyrissjóðanna. Á vegum lífeyris- og verðbréfasjóðasviðs fór fram óformleg könnun, meðal stærstu sjóðanna, á því hvernig áhættustýringu væri háttað. Sjóðirnir voru heimsóttir og forráðamönnum þeirra gerð grein fyrir áhættustýringunni. Helstu niðurstöður voru þær að áhættustýring var með mjög

misjöfnum hætti meðal sjóðanna, allt frá því að snúast eingöngu um fjárfestingaheimildir, samkvæmt 36. gr. laga nr. 129/1997, til umfangsmikillar greiningar og tölfræðilegra mælikvarða. Samræmt verklag um áhættumat, áhættustýringu og eftirlit var ekki að finna meðal sjóðanna enda ekki til staðar leiðbeinandi tilmæli eða heildstæðar reglur um slíkt.

Í ársbyrjun 2010 hóf lífeyris- og verðbréfasjóðasvið undirbúning að mótun leiðbeinandi tilmæla um áhættustýringu fyrir lífeyrissjóði. Fljótlega var haft samband við Landssamtök lífeyrissjóðanna (LL) og samtökin upplýst um fyrirhuguð tilmæli og helstu áherslur Fjármálaeftirlitsins. Landssamtökin skipuðu á vormánuðum svokallaða eigna- og áhættustýringarnefnd þar sem einnig átti að taka til umfjöllunar góðar venjur (e. best practice) í eignastýringu og stjórnunarháttum lífeyrissjóða ásamt umfjöllun um lagatæknileg atriði. Fulltrúa Fjármálaeftirlitsins var boðið til þátttöku í nefndarstarfi er laut að áhættustýringu og hefur hann setið nokkra fundi með nefndinni. Í upphafi fór fram umfangsmikil söfnun heimilda um ofangreint málefni sem nýttist við framgang nefndarstarfsins og til frekari greiningar á efninu.

Eitt helsta markmið Fjármálaeftirlitsins með tilmælunum er að þau móti ákveðinn grunn og lágmarkskröfur fyrir áhættustýringu lífeyrissjóða. Ráðgert er að ljúka við tilmælin fyrir árslok 2010.

### Vátryggingamarkaður

Til að búa vátryggingafélög undir auknar kröfur Solvency II tilskipunarinnar hefur Fjármálaeftirlitið unnið að endurskoðun á leiðbeinandi tilmælum með það að markmiði að skerpa þær kröfur sem gerðar eru til félaganna. Þann 26. júlí sl. gaf Fjármálaeftirlitið út umræðuskjal nr. 2/2010 um drög að leiðbeinandi tilmælum um áhættustýringu vátryggingafélaga. Tilmælunum er ætlað að fjalla á mun ítarlegri hátt um áhættustýringu og koma í stað gildandi tilmæla nr. 1/2006. Umsagnarfrestur var til 20. september sl. og vinnur Fjármálaeftirlitið nú úr þeim athugasemdum sem bárust. Stefnt er að útgáfu endanlegra tilmæla fyrir lok ársins.

Auk tilmæla til vátryggingafélaganna hefur vátryggingasvið unnið að breyttu verklagi við áhættugreiningu á vátryggingafélögum. Gerð er grein fyrir því verklagi í Viðauka B í umræðuskjali nr. 2/2010. Nýjungarnar eru þríþættar.

Í fyrsta lagi er lagt til að tekið verði upp nýtt staðlað álagspróf Fjármálaeftirlitsins í stað þess sem notað hefur verið frá útgáfu leiðbeinandi tilmæla nr. 1/2006. Breytingin felst í því að aukin áhersla verður lögð á að greina markaðsáhættu en vátryggingaáhætta verður ekki greind með álagsprófi. Í öðru lagi er tekið í notkun úrvinnslukerfi sem byggir á kennitölum sem gefa vísbendingar um þróun og áhættu í rekstrar- og eignaliðum félaganna. Í þriðja lagi verður tekið í notkun matspróf þar sem lagt er tölulegt og huglægt mat á ýmsa áhættuþætti félaganna. Þessar þrjár aðferðir leggja svo grunn að flokkun vátryggingafélaga í eftirlitsflokka, sem gefa Fjármálaeftirlitinu möguleika á að forgangsraða félögunum í eftirliti sínu.

## Um eftirlit með innra mati fjármálafyrirtækja á eiginfjárförf

Aðferðir eftirlitsstofnana eru sífellt í mótun. Flestar eftirlitsstofnanir nota aðrar aðferðir í dag en þær notuðu fyrir alþjóðlegu bankakreppuna. Þar er Fjármálaeftirlitið ekki undantekning.

Fjármálaeftirlitið starfar samkvæmt stöðlum kenndum við Basel til að meta hversu mikið eigið fé fjármálafyrirtæki þurfa að hafa og hefur innleiðing á staðli, sem nefndur er Basel II, hafist hjá Fjármálaeftirlitinu. Staðallinn skiptist í þrjár stoðir en Fjármálaeftirlitið innleiddi fyrstu stoðina árið 2007 með reglum nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja að undan-gengnum breytingum á eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002.

Fyrsta stoðin byggir á almennum reglum sem settar eru af Basel nefndinni. Þar sem reglurnar byggja á forsendum sem eiga ekki alltaf við er nauðsynlegt að fjármálaeftirlit geti metið eiginfjárförf fjármálafyrirtækja út frá sérstöðu hverrar stofnunar.

Önnur stoð Basel II staðalsins gefur Fjármálaeftirlitinu færi á að meta áhættu fjármálastofnana út frá mati á þeirri áhættu sem þær standa frammi fyrir. Fjármálafyrirtækjum ber að skila inn skýrslu sem gefur þeirra mat á eiginfjárförf sem nægir til að mæta mögulegum framtíðaráföllum. Í skýrslunni þarf að gera grein fyrir og meta helstu áhættuþætti sem fjármálafyrirtæki standa frammi fyrir. Horfa á fram á við og meta hversu mikið eigið fé fjármálafyrirtæki þurfa að hafa til að mæta slæmum en hugsanlegum atburðum. Matið getur byggt á niðurstöðum álagsprófana, bæði næmnigreininga og sviðmyndagreininga.

Skýrslurnar eru á abyrgð stjórnar fjármálafyrirtækja og nauðsynlegt er að stjórnir móti ekki stefnu án þess að íhuga vandlega áhrif stefnunnar á áhættuþætti fyrirtækisins. Einnig þarf mat á áhættu að byggja á stefnu fjármálafyrirtækisins. Fjármálaeftirlitið fer svo yfir skýrslurnar og leggur mat á eiginfjárförfina. Í tengslum við yfirferðina getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að fjármálafyrirtæki framkvæmi viðbótarálagspróf eða kallað eftir ítarlegri upplýsingum um ákveðna þætti.

Ein mikilvægasta tegund áhættu sem ekki er tekið tillit til undir fyrstu stoðinni, er samþjöppunaráhætta sem er algeng orsök gjaldþrots fjármálafyrirtækja en samþjöppun leiðir til þess að áhættudreifing er ekki jafn góð og ella. Samþjöppun getur orðið til þegar fjármálafyrirtæki lána fáum stórum aðilum (e. name concentration), mörgum svipuðum lántakendum (e. sectoral concentration) eða lántakendum frá sama svæði (e. regional concentration). Afleiðingin er að sértækri áhættu (e. idiosyncratic risk) er ekki eytt. Samþjöppun í lánasöfnum leiðir til meiri áhættu og þar af leiðandi til hærri eiginfjárkröfu. Samkvæmt stoð II þarf því að meta hversu mikil áhrif frávik frá hefðbundnum forsendum Basel viðmiða hafa á eiginfjárkröfu.

Vaxtaáhætta er önnur tegund áhættu sem gæti haft mikil áhrif. Almennar raunvaxta- og nafnvaxtabreytingar geta haft áhrif á afkomu fjármálafyrirtækja. Stundum breytast vextir mismikið eftir því til hversu langs tíma þeir eru. Meta þarf því hversu mikil áhrif breytingar á vaxtaferlinum, sem lýsir sambandi vaxta og tíma, hafa á eigið fé fjármálafyrirtækja. Fjármálafyrirtæki taka oft lán til skamms tíma og lána til lengri tíma. Því geta áhrif á fjármálafyrirtæki verið mikil ef langtímavextir þróast á annan hátt en skammtímavextir.

Lausafjárahætta, orðsporsáhætta og lagaáhætta eru dæmi um aðrar teg-

undir áhættu sem fjallað er um undir annarri stoð Basel staðalsins. Mat á þessum áhættum getur verið vandasamt og getur þurft að byggja á huglægu mati. Mikilvægt er þó að gera sér grein fyrir því að þessir áhættuþættir eru til staðar.

Fjármálaeftirlitið er sannfært um að nýjar aðferðir muni bæta eftirlit. Vel unnar skýrslur frá eftirlitsaðilum minnka líkur á að eftirlitið þurfi að kalla eftir frekari gögnum og stytta yfirferðartímann. Það er von eftirlitsins að eftirlitskyldir aðilar muni leggja mikinn metnað í gerð innra mats um eiginfjárförf.

#### 4.5 Skuldbindingaskrá

Í júní 2010 voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Þar var bætt inn ákvæðum um að fjármálafyrirtæki skuli halda sérstaka skrá um alla þá sem njóta lánaþingreiðslu þess, svokallaða skuldbindingaskrá. Samkvæmt lögnum skulu fjármálafyrirtækin senda Fjármálaeftirlitinu uppfærða skrá miðað við hver mánaðamót, þar sem lánaþingreiðslur yfir 300 milljónum króna eru greinanlegar niður á nöfn og kennitölur viðskiptamanna. Einnig skulu fjármálafyrirtækin senda upplýsingar til Fjármálaeftirlitsins um allar lánaþingreiðslur vegna aðila sem eru tengdir þeim sem lenda á fyrrnefndri skrá.

Í skuldbindingaskrá verður safnað upplýsingum um útlán fjármálastofnana á einn stað, þannig að hægt sé að hafa á einum stað heildaryfirsýn yfir markaðinn. Tilgangur skuldbindingaskrár er að draga úr útlánaáhættu í kerfinu og að veita eftirlitsaðilum betri yfirsýn yfir kerfislega stórar áhættuskuldbindingar.

Fjármálaeftirlitið, í samvinnu við Seðlabanka Íslands, vinnur að því að setja upp skuldbindingaskrá þar sem gögnum verður safnað frá fjármálafyrirtækjum í samræmi við ákvæði laganna. Reiknað er með að undirbúningsvinnu ljúki fyrir lok ársins 2010 og þá hefjist þróun og innleiðing á kerfinu. Áætlað er að gögn verði farin að berast inn í skuldbindingaskrána á öðrum ársfjórðungi 2011.

#### 4.6 Nýjar áherslur á alþjóðavettvangi

Í kjölfar hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu haustið 2008 hefur verið unnið að endurbótum á regluverki sem gildir um bankastarfsemi. Aðalvettvangurinn á alþjóðavísu í þeirri vinnu er á vegum Basel nefndarinnar um bankaeftirlit (Basel Committee on Banking Supervision), sem hefur aðsetur í Basel í Sviss. Aðild að nefndinni eiga 27 ríki frá öllum heimsálfum og þar á meðal stærstu iðnríkin. Af 27 Evrópusambandsríkjum eiga níu ríki aðild að nefndinni. Tillögur að breytingum á regluverki sem samþykktar eru af nefndinni eru í framhaldinu innleiddar í löggjöf og reglur í viðkomandi ríkjum og í tilskipanir Evrópusambandsins.

##### Endurbætur á Basel reglum

Vinnan að endurbótum á regluverki fyrir banka skilaði sér í tillögum sem samþykktar voru í september 2010. Breytingarnar felast í eftirfarandi:

### Endurbætur á eiginfjárkröfum

Breytt er skilgreiningum á eiginfjárgrunni þannig að stærri hluti en áður þarf að samanstanda af kjarna eiginfjárliðum (e. core Tier 1), þ.e. hlutafé og óráðstöfuðu eigin fé. Ennfremur koma frádráttarliðir eftir breytinguna, eins og t.d. viðskiptavild og reiknuð skattinneign, nær eingöngu til lækkunar á kjarna eiginfjárliðum. Þá er gert ráð fyrir að þetta kjarna eiginfjárlutfall hækki úr núverandi 2% í 3,5% í janúar 2013 og upp í 4,5% í janúar 2015. Eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárþætti A (Tier 1 capital ratio) mun hækka úr 4% í 6%.

Eiginfjárfrafa vegna markaðsáhattu tengdri veltuverðbréfum (e. trading book exposures), áhættu tengdri flóknum verðbréfunargerningum (e. complex securitizations) og utan efnahags fyrirkomulagi (e. off-balance sheet vehicles) hefur verið hert verulega.

Til að stemma stigu við óhóflegri aukningu á innan- og utanefnahagsliðum er áformað að setja 3% hámarks vogunarhlutfall (e. leverage ratio) vegna eiginfjárþattar A (e. Tier 1), þ.e. innan- og utanefnahagsliðir mega ekki nema meiru en 33 földum eiginfjárþætti A. Þetta hámarkshlutfall er mun varkárara en gilt hefur í sumum löndum. Innleiðingin verður framkvæmd smám saman á tímabilinu frá janúar 2013 til janúar 2015.

Áformað er að skylda banka til að byggja upp í góðæri sérstaka varasjóði (buffers) sem hluta af eigin fé til að geta gripið til á álagstímum. Þessir varasjóðir eiga að nema 2,5% til viðbótar við framangreint 4,5% kjarna eiginfjárlutfall A (e. core Tier 1 ratio) þannig að heildar kjarna eiginfjárlutfall verður samtals 7%. Þessi sérstaki varasjóður verður innleiddur í lög og reglur á tímabilinu frá janúar 2016 til janúar 2019.

Til viðbótar framangreindu er gert ráð fyrir varasjóði til að vega á móti hagsveiflunni (e. countercyclical buffer). Krafa um slíkt yrði á valdi eftirlitsaðila að ákvarða í þeim tilvikum þegar talið er að óhófleg útlánaaukning sé talin tengjast kerfisáhættu. Slíkur varasjóður yrði notaður til að mæta töpum sem ella gætu veikt fjármálastöðugleika væri slíkur varasjóður ekki fyrir hendi. Áformað er að varasjóður vegna hagsveiflujöfnunar geti orðið allt að 2,5% af áhættugrunni. Ekki liggur fyrir hvenær gert er ráð fyrir að ákvæði um þennan varasjóð taki gildi.

Framangreindir viðbótarvarasjóðir munu auka þol bankakerfisins gagnvart áföllum og stuðla að sveiflujöfnun gagnvart hagsveiflunni (e. mitigate procyclical).

Eftirfarandi tafla sýnir framangreindar breytingartillögur varðandi endurbætur á eiginfjárkröfum í hnotskurn:

#### Yfirlit yfir eiginfjárkröfur

Eiginfjárkröfur og viðbótar varasjóðir (allar tölur í %)

	Bókfært eigið fé (eftir frádr.liði)	Eiginfjárgrunnur A (Tier 1 Capital)	Eiginfjárgrunnur samtals
Lágmark	4.5	6.0	8.0
Varúðarsjóður (Conservation buffer)	2.5		
Lágmark auk varúðarsjóðs	7.0	8.5	10.5
Sveiflujöfnunarsjóður (Countercyclical buffer)	0-2.5		



### *Nýtt lausafjárregluverk*

Basel nefndin um bankaeftirlit hefur lagt fram tillögur um nýtt regluverk varðandi laust fé. Um er að ræða nýjung þar sem ekki hefur tekist hingað til að koma á alþjóðlegum stöðlum um slíkt.

Annars vegar er lagt til að gerð verði sú krafa að bankar verði með nægilegt laust fé (high quality liquid assets) til að geta staðið við skammtímaskuldbindingar við erfiðar aðstæður á fjármálamörkuðum (e. a stressed funding scenario) í samræmi við sviðsmyndir sem ákveðnar verða af eftirlitsaðilum. Um er að ræða svonefnt lausafjárþekjuhluftfall (e. Liquidity Coverage Ratio - LCR) sem á að mæla skammtímaþol banka vegna truflana á lausafjárstöðu.

Hins vegar er lagt til að gerð verði krafa um lánmarks nettó fjármögnunarhlutfall (Net Stable Funding Ratio – NSFR) sem tekur á kerfisbundnu langtíma misvægi í lausu fé. Allur efnahagsreikningur bankans er undir í þessu sambandi og mun þessi lausafjárkrafa hvetja banka til að byggja á fjármögnun sem er stöðug í eðli sínu (e. stable sources of funding).

Á Evrópuvettvangi er stefnt að því að hefja innleiðingu á þessum lausafjárkröfum fyrir árið 2012, en ítarleg innleiðingaráætlun liggur þó ekki fyrir.

### *Kerfisáhætta og áhættusamtönnun*

Til að draga úr kerfisáhættu (systemic risk) og áhættusamtönnun (interconnectedness) hefur verið unnið að ýmsum tillögum. Nú þegar hafa verið gerðar auknar eiginfjárkröfur á millibankaáhættur en reynsla síðustu ára sýndi að slíkar áhættur hafa sterka fylgni sem getur ógnað fjármálastöðugleika. Áður var minnst á hertar reglur vegna veltuverðbréfa- og verðbréfunaráhættuþátta. Þá eru í smíðum tillögur um sérstaka eiginfjárkröfu á banka sem taldir eru of stórir til að falla (e. too big to fail) og einnig í því sambandi kröfur um að til staðar séu fjármálagerningar (e. contingent capital) sem hægt yrði að nota til að mæta tapi eða umbreyta í eigin fé sé starfsemi banka að mati eftirlitsaðila ekki talin lífvænleg (e. non-viable). Ennfremur er gert ráð fyrir í tillögunum að stórir bankar verði skyldaðir til að semja eins konar erfðaskrá (e. living wills) sem lýsir slitaferlinu (e. winding down process) ef svo skyldi fara að viðkomandi banki félli.

### *Aðrar tillögur Basel nefndarinnar*

Auk framangreinds hefur Basel nefndin um bankaeftirlit unnið að eftirlitsleiðbeiningum (e. supervisory standards) um þýðingarmikla þætti sem snerta banka sérstaklega. Þar má nefna álagspróf, matsaðferðir, stjórnarhætti, hvata/launakerfi, eftirlitshópa með samstæðum yfir landamæri, meginreglur varðandi reikningsskil fjármálagerninga (e. stress testing, valuation, corporate governance, compensation, supervisory colleges, and high level principles for financial instruments accounting).

### **Samtönnun og samspil á milli „micro“ og „macro“ eftirlitsþátta**

Einn af þeim þáttum sem gagnrýndur hefur verið við greiningu á því sem úrskaiðis fór í aðdraganda hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu er ónóg samvinna milli eftirlitsaðila sem báru ábyrgð á annars vegar micro eftirliti (fjármálaeftirlit) og macro eftirliti (seðlabankar). Í því sambandi hafa orðið umræður um hentugasta fyrirkomulag á samskiptum eða samtönnun milli þessara eftirlitsaðila. Í Evrópu er fyrirkomulag þessara tveggja tegunda eftirlitsstofnana með ýmsu móti.

Á síðasta áratug síðustu aldar var ákveðin þróun í þá átt að færa þessa eftirlitsaðila frá hvor öðrum, sem jafnframt tengdist þróun í átt til þess að settir voru á



stofn sérstakir eftirlitsaðilar sem báru ábyrgð á öllum þáttum micro eftirlits og viðskiptaháttum með fjármálamarkaðnum. Eftir fjármálakreppuna hefur umræðan snúist í hina áttin, a.m.k. hvað varðar eftirlit með bönkum og kerfismikilvægum fjármálastofnunum.

Hvað sem líður stofnanalegri uppbyggingu þessara eftirlitsaðila með fjármála- markaði er ljóst að hvor aðili um sig verður að hafa innsýn í bæði „micro“ þætti og „macro“ þætti til að unnt sé að sinna eftirliti með fullnægjandi hætti. Stefnt er að nánari samvinnu milli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um „micro“ og „macro“ eftirlitsþætti.

## 4.7 Samskipti við erlenda eftirlitsaðila – alþjóðlegt samstarf

### Evrópskar samstarfsnefndir/eftirlitsstofnanir

Fjármálaeftirlitið er aðili að samstarfsnefndum fjármálaeftirlita í Evrópu. Þessar nefndir eru Samstarfsnefnd eftirlitsaðila á lánamarkaði (Committee of European Banking Supervisors – CEBS), Samstarfsnefnd eftirlitsaðila á váttrygginga- og lífeyrissjóðamarkaði (Committee of European Insurance and Occupational Pension Supervisors – CEIOPS) og Samstarfsnefnd eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (Committee of of European Securities Regulators – CESR). Nefndirnar eru hluti af svokölluðu Lamfalussy ferli Evrópusambandsins en tilgangur þess var m.a. sá að auka einsleitni og samræmi í starfsemi verðbréfamarkaða, bæta samkeppnishæfni fjármálafyrirtækja og fjármagnsmarkaða og stuðla að auknum hagvexti og atvinnu. Ferlið skiptist í fjögur stig og tilheyra framangreindar nefndir þriðja stigi ferilsins. Meginhlutverk nefndanna hefur verið að vinna að samræmingu eftirlits innan svæðisins og styðja þannig við skilvirkan innri markað auk þess að sinna ráðgjöf við framkvæmdastjórnina um mótun samræmdrar löggjafar á fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitið hefur átt áheyrnarfulltrúa og tekið þátt í starfi ofangreindra nefnda og ýmissa vinnuhópa þeim tengdum. Slík þátttaka er nauðsynleg til þess að tryggja að innleiðing reglna og framkvæmd eftirlits sé með sambærilegum hætti innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í ársbyrjun 2011 eru áformaðar talsverðar breytingar á þeirri skipan mála sem lýst er hér á undan með því að þá verða settar á stofn eftirlitsstofnanir (e. Authorities) á vegum ESB í stað áður nefndra ráðgefandi samstarfsnefnda. Um er að ræða eftirtaldar stofnanir: European Banking Authority -EBA, European Insurance and Occupational Pensions Authority - EIOPA og European Securities and Markets Authority - ESMA. Þessar stofnanir eiga að hafa hlutverk á sviði micro eftirlits. Samhliða verður sett á stofn European Systemic Risk Board sem á að bera ábyrgð á macro eftirliti sem síðan á að samþætta fyrrgreindu micro eftirliti. Gert er ráð fyrir að stofnanirnar verði komnar að fullu til starfa á vormánuðum 2011.

Ein mikilvægasta breytingin sem verður við þessa nýju skipan mála hjá ESB er að eftirlitsstofnanirnar munu hafa frumkvæði að og semja drög að regluverki sem bindur aðildarríki og eftirlitsstofnanir þeirra. Má þar m.a. nefna tæknilegar reglur (e. binding technical standards) en þar sem ekki var talið unnt að framselja reglusetningarvald með þessum hætti til undirstofnunar framkvæmdastjórnar ESB verða reglurnar staðfestar af framkvæmdastjórninni. Þessar reglur verða fyrirsjáanlega teknar inn í EES samninginn með venjubundnum hætti. Eftirlitsstofnanirnar munu ennfremur fá

vald til að beita aðgerðum gagnvart einstökum fjármálafyrirtækjum ef eftirlitsaðilar í viðkomandi landi tryggja ekki eftirfylgni við gildandi evrópskar reglur. Með þessu er verið að stuðla að auknu samræmi í framkvæmd laga og reglna um fjármálaþjónustu innan Evrópu. Annar mikilvægur þáttur í hinu nýja eftirlitsskipulagi ESB er eftirlit á vegum eftirlitshópa (colleges) með bönkum sem starfa yfir landamæri (cross border banks) auk þess sem stofnunum verður falið vald til að skera úr ef ágreiningur skapast á milli tveggja eða fleiri eftirlitsstjórnvalda vegna banka sem starfa yfir landamæri. Þá er áhugavert hve rík áhersla er lögð á hlutverk eftirlitsstjórnvaldanna við þjálfun starfsmanna fjármálaeftirlita aðildarríkja, auk þess sem þeim er falið hlutverk varðandi neytendavernd.

Fulltrúar fjármálaeftirlita innan ESB, og eftir atvikum seðlabanka, munu eiga aðild að þessum stofnunum. Fyrir ríki utan ESB þarf að semja sérstaklega um aðild við framkvæmdastjórn ESB og mun svo verða gert af hálfu Íslands á vettvangi samstarfs vegna EES samningsins.

### **Framkvæmdahópur um peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka**

Ísland er aðili að FATF (Financial Action Task Force on Money Laundering) sem er alþjóðlegur framkvæmdahópur í tengslum við OECD sem vinnur gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. FATF framkvæmdi úttekt á vörnum Íslands gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka á árinu 2006 og var úttektinni fylgt eftir á árinu 2008 með könnun á úrbótum. Fjármálaeftirlitið sækir reglulega fundi FATF sem eru haldnir þrisvar sinnum á ári.

### **Alþjóðasamtök váttryggingaefitirlita (International Association of Insurance Supervisors – IAIS).**

Samtökin voru stofnuð á árinu 1994. Fulltrúar 140 ríkja eru meðlimir samtaka þessara. Auk þessa eru um 120 áheyrnarfulltrúar. IAIS hefur það að markmiði að stuðla að bættu eftirliti með váttryggingastarfsemi sem stuðlað getur að aukinni vernd váttryggingartaka. Aðalfundur er haldinn einu sinni á ári og síðan eru vinnufundir undirnefnda. Í tengslum við aðalfundinn eru haldin námskeið og kynningarfundir fyrir meðlimi. Fjármálaeftirlitið hefur sótt aðalfundi sem haldnir hafa verið í Bandaríkjunum eða Evrópu. Fjármálaeftirlitið hefur ekki tekið þátt í fundarsókn vegna vinnuhópa. Fjármálaeftirlitið hefur tekið virkan þátt í þessari starfsemi einkum með því að taka þátt í afgreiðslu spurningalista og athugana sem framkvæmdar hafa verið. IAIS lætur margvísleg málefni til sín taka t.d. á sviði „Accounting, Insurance Groups and Cross Sectoral Issues, Governance and Compliance, Insurance Contracts, Market Conduct, Reinsurance and Risk transfer, Core Principles og Solvency and Actuarial issues.“

### **Alþjóðasamtök verðbréfaeftirlita (International Organization of Securities Commissions – IOSCO)**

Fjármálaeftirlitið fékk aðild að IOSCO í júní 2010 og skrifað var undir fjölþjóða samstarfssamning í tengslum við aðildina. Talið var mikilvægt að sækja um aðild að samtökunum til að auka möguleika á upplýsingaöflun frá verðbréfaeftirlitum utan Evrópusambandsins, ekki síst í tengslum við rannsóknir á bankahruninu.

Haldinn er ársfundur heildarsamtakanna einu sinni á ári þar sem boðið er upp á fyrirlestra um ýmis málefni tengd verðbréfamarkaðinum. Þá er einnig haldinn fundur í Evrópudeildinni einu sinni á ári. Fjármálaeftirlitið hefur til þessa ekki sent fulltrúa á fyrrgreinda fundi enda stutt síðan það fékk aðild.

IOSCO heldur einnig námskeið og ráðstefnur sem að jafnaði eru þátttakendum að kostnaðarlausu, þ.e. engin námskeiðs- eða ráðstefnugjöld, og hefur það verið nýtt.

### **Samkomulag um fjármálastöðugleika milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna**

Í ágúst 2010 gekk í gildi samkomulag um samvinnu Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna yfir landamæri til að tryggja fjármálastöðugleika og samhæfa viðbrögð við fjármálaáfalli sem snertir fleiri en eitt ríki. Samkomulagið hefur verið undirritað af fulltrúum fagr- áðuneyta, seðlabanka og fjármálaeftirlits Danmerkur, Eistlands, Finnlands, Lettlands, Litháen, Noregs, Svíþjóðar auk Íslands.

Samkomulag Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna er ekki lagalega bindandi en á grundvelli þess verður unnt að efla samvinnu, samhæfa viðbrögð og vinnubrögð þegar hætta steðjar að, meðal annars með betri upplýsingagjöf milli stofnana.

Settur verður á fót samráðshópur aðildarríkjanna um fjármálastöðugleika og munu löndin skiptast á að gegna formennsku í hópnum. Fulltrúi efnahags- og viðskiptaráðuneytis Danmerkur mun verða fyrsti formaður hópsins.

### **Annað erlent samstarf**

Fjármálaeftirlitið á reglubundin samskipti við systurstofnanir á öðrum Norðurlöndum. Um er að ræða árlega fundi þar sem stjórnendur eftirlitanna hittast og ræða ýmis málefni er varða þróun í fjármálastarfsemi á Norðurlöndum og samþættingu eftirlits þar sem það á við. Einnig eru starfandi sérfræðingahópar með fulltrúum frá öllum löndunum þar sem t.d. er fjallað um ýmis tæknileg efni er varða eftirlit og innleiðingu tilskipana Evrópusambandsins.

Á árunum fyrir hrun fjármálakerfisins átti Fjármálaeftirlitið talsverð samskipti við eftirlitsaðila í þeim löndum þar sem helstu fjármálafyrirtæki voru með starfsemi. Þessi samskipti drógust að sjálfsögðu saman eftir hrunið þar sem starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja utan Íslands er nú óveruleg. Ennfremur höfðu verið gerðir samstarfssamningar (Memorandum of Understanding -MoU) við fjármálaeftirlit í nokkrum löndum en ekki er búist við að á þá reyni á næstu misserum.



**Í ársbyrjun 2011 verða settar á stofn eftirlitsstofnanir á vegum ESB í stað þeirra ráðgefandi samstarfsnefnda fjármálaeftirlita sem hafa verið starfandi í Evrópu.**



## 5 Eftirlitsskyldir aðilar

### 5.1 Fjöldi eftirlitsskyldra aðila 30.06. 2010

Þann 30. júní 2010 var fjöldi þeirra aðila sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins sem hér greinir:

	Fjöldi 30.06.2010 * )	Starfa skv. lögum nr.:
Viðskiptabankar	5	I. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Sparisjóðir	12	I. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Lánafyrirtæki	8	I. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Innlánsdeildir samvinnufélaga	1	I. nr. 22/1991 um samvinnufélög
Verðbréfafyrirtæki	11	I. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Verðbréfamiðlanir	3	I. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Rekstrarfélög verðbréfasjóða Verðbréfasjóðir -22, þ.a. 10 deildaskiptir **) Fjárfestingarsjóðir - 11, þ.a. 4 deildask.**)	8	I. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki I. nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði I. nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði
Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir	1	I. nr. 110/2007 um starfsemi kauphalla
Verðbréfamiðstöðvar	1	I. nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa
Lífeyrissjóðir	35	I. nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
Vátryggingafélög	13	I. nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi
Vátryggingamiðlarar	6	I. nr. 32/2005 um miðlun vátrygginga
Aðilar með innheimtuleyfi	5	I. nr. 95/2008, innheimtulög
Aðrir eftirlitsskyldir aðilar	3	Ýmis lög
Samtals	112	

\*) Í yfirlitinu eru ekki meðtalin fjármálafyrirtæki í slitameðferð eða undir bráðabirgðastjórn, þ.e: Glitnir banki hf.; Kaupþing banki hf.; Landsbanki Íslands hf.; Sparisjóðabanki Íslands hf.; Byr sparisjóður; Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf.; Sparisjóðurinn í Keflavík; Sparisjóður Mýrasýslu (nauðasamningum lokið); Frjálsi Fjárfestingarbankinn hf.; VBS fjárfestingarbanki hf. Ennfremur eru ekki meðtalin félögin Askar Capital hf., sem er undir slitastjórn frá 14. júlí 2010, og Avant hf. sem er undir bráðabirgðastjórn frá 13. júlí 2010. Þá eru Straumur –Burðarás Fjárfestingarbanki hf. (ALMC hf. frá 27.08.2010); SPRON Verðbréf hf.; Rekstarfélag SPRON hf. ekki meðtalið í yfirlitinu, en starfsleyfi þessara félaga voru afturkölluð á síðari hluta ársins 2010.

\*\*) Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir eru reknir af rekstrarfélögum verðbréfasjóða. Sjóðirnir eru ekki meðtaldir í heildarfjölda eftirlitsskyldra aðila. Nokkrir sjóðanna eru deildaskiptir.

## 5.2 Starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja á Íslandi

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda aðila/félaga sem á miðju árinu 2009 hafa heimild til að veita þjónustu hér á landi á grundvelli reglna sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu:

Erlendir bankar án starfsstöðvar	225
Verðbréfasjóðir (UCITS)	47 (313 deildir)
Verðbréfafyrirtæki/-miðlarar (Investment firms)	1995
Vátryggingafélög með starfsstöð	2
Vátryggingafélög án starfsstöðvar	384
Vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn	5025







## 6 Helstu upplýsingar úr ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009

Hér eru sýndar helstu upplýsingar úr ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009. Ársreikningurinn var staðfestur af stjórn Fjármálaeftirlitsins þann 28. maí 2010 og áritaður af Ríkisendurskoðun sama dag. Ársreikningurinn er birtur í heild á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins: [www.fme.is](http://www.fme.is).

### Rekstrarreikningur árið 2009

<b>Tekjur</b>	<b>2009</b>	<b>2008</b>
Tekjur af eftirlitsgjaldi .....	777.588.000	912.709.000
Aðrar tekjur .....	13.803.467	11.179.627
	<u>791.391.467</u>	<u>923.888.627</u>
<b>Gjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld .....	641.073.941	530.444.447
Úrskurðarnefndir .....	8.453.303	5.891.996
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	55.596.795	53.772.095
Ferða- og starfstengdur kostnaður .....	34.963.954	38.851.572
Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	314.370.880	340.375.184
Rekstur tækja og áhalda .....	22.499.314	21.520.080
Annar rekstrarkostnaður .....	31.407.204	18.679.135
Húsnæðiskostnaður .....	62.288.290	49.445.540
Tilfærslur .....	1.953.083	1.486.500
	<u>1.172.606.764</u>	<u>1.060.466.549</u>
Eignakaup .....	7.688.147	14.797.816
	<u>1.180.294.911</u>	<u>1.075.264.365</u>
<b>Tekjuhalli fyrir hreinar fjármunatekjur</b>	(388.903.444)	(151.375.738)
Fjármunatekjur .....	<u>30.799.072</u>	<u>43.014.668</u>
<b>Tekjuhalli fyrir ríkisframlag</b>	(358.104.372)	(108.361.070)
Ríkisframlag..... *)	18.500.000	549.000.000
<b>(Tekjuhalli) / tekjuafgangur ársins</b>	<u>(339.604.372)</u>	<u>440.638.930</u>

\*) Á árinu 2009 var veitt sérstakt 18,5 m.kr. framlag úr ríkissjóði til Fjármálaeftirlitsins tengt auknum kostnaði stofnunarinnar vegna ráðstafana á grundvelli laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Framlag úr ríkissjóði til Fjármálaeftirlitsins vegna kostnaðar á grundvelli sömu laga var 549 m.kr. á árinu 2008.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2009

<b>Eignir</b>	<b>2009</b>	<b>2008</b>
<b>Veltufjármunir</b>		
Ríkissjóður .....	14.180.002	502.026.300
Viðskiptakröfur .....	179.235.046	92.101.662
Aðrar skammtímakröfur .....	2.563.937	47.597.811
Handbært fé .....	125.059.329	129.266.695
	<u>321.038.314</u>	<u>770.992.468</u>
<b>Eignir alls</b>	<b><u>321.038.314</u></b>	<b><u>770.992.468</u></b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		
<b>Eigið fé</b>		
Höfuðstóll í ársbyrjun .....	528.343.759	87.704.829
(Tekjuhalli) / tekjuafgangur ársins .....	(339.604.372)	440.638.930
Eigið fé	<u>188.739.387</u>	<u>528.343.759</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Skammtímaskuldir.....	129.844.643	209.884.109
Aðrar skammtímaskuldir .....	2.454.284	32.764.600
Skuldir	<u>132.298.924</u>	<u>242.648.709</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b><u>321.038.314</u></b>	<b><u>770.992.468</u></b>



### Stjórn og varastjórn Fjármálaeftirlitsins:

Kristín Haraldsdóttir, varaformaður stjórnar, Lilja Ólafsdóttir, formaður stjórnar, og Jón P. Sigurgeirsson, stjórnarmaður (sitjandi frá vinstri). Sigurður Þórðarson og Tryggvi Pálsson, varamenn (standandi frá vinstri). Á myndina vantar Kjartan Gunnarsson sem er í varastjórn.



### Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins:

Halldóra E. Ólafsdóttir, sviðsstjóri lífeyris- og verðbréfasjóðasviðs, Guðmundur Jónsson, sviðsstjóri lánasviðs, Gunnar P. Andersen, forstjóri, María Rúriksdóttir, sviðsstjóri réttarreikningsskilasviðs (sitjandi frá vinstri). Guðrún Jónsdóttir, sviðsstjóri verðbréfasviðs, Ragnar Hafliðason, aðstoðarforstjóri, Jón Andri Sigurðarson, sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs, Unnur Gunnarsdóttir, yfirlögfræðingur og Rúnar Guðmundsson, sviðsstjóri váttryggingasviðs (standandi frá vinstri).

